

*Fotablað*



*Völsungur*



*2015*

# Frá ritstjóra

Jólablað Völsungs er orðinn fastur liður í jólaundirbúningi margra Húsvíkinga. Blaðið hefur komið út óslitið frá árinu 1978 og er því fyrir löngu orðið ómetanleg heimild fyrir íþróttafélagið í sögulegu samhengi. Jólablaðið er virkilega skemmtilegt í vinnslu en í blaðinu er skyggst inn í starfsemi deilda, bæði innan sem utan vallar, sem hafa verið með virka starfsemi á árinu sem er að líða. Starfsemi íþróttafélagsins er fjölbreytt en liðlega 600 manns taka þátt í skipulögðu starfi á vegum félagsins á hverju ári. Við þessa tölu má svo bæta stjórnarfólki sem vinnur ómetanlegt starf til að halda starfsemi gangandi. Starfsemi Völsungs er mjög umfangsmikil eins og fram kemur í blaðinu. Árangur á árinu sem er að líða hefur verið góður bæði innan sem utan vallar og hefur til að mynda verið aukning meðal iðkenda í nokkrum deildum sem er sannarlega jákvæð þróun.

Félagsstarf gegnir mikilvægu hlutverki hjá öflugum íþróttafélagi líkt og Völsungur er. Statt og stöðugt er unnið að því innan raða félagsins að efla félagsanda og fjölga félagsmönnum. Sterkur félagsandi og samvinna opnar á ótal tækifæri til að efla það góða starf sem unnið er innan raða félagsins. Má þar meðal annars nefna það mikla og góða starf sem skíðagöngudeildin hefur unnið á félagssvæði sínu. Með sameiginlegu átaki hafa forsvarsmenn deildarinnar unnið markvisst að því að bæta aðstöðu til skíðagöngu iðkunar á Húsavík og er meðal annars búið að koma upp aðstöðuskúrum á félagssvæði deildarinnar við Reyðarárhjúk. Með þessu hefur aðstaða til skíðagöngu batnað til muna og á skíðagöngudeildin hrós skilið fyrir þetta frábæra framtak.

Verkefni íþróttafélagsins hafa verið margvísleg og annað verkefni sem er spennandi er starf sögunefndarinnar. Á árinu fór sögunefnd Völsungs í samstarf við Þekkingarnet Þingeyinga og var sumarstarfsmaður ráðinn sem hafði það að markmiði að taka viðtöl við eldri Völsunga og skrásetja. Verkefnið gekk vonum frammar en margar ómetanlegar sögur úr starfi félagsins voru skrásettar á árinu og verður virkilega spennandi að fylgjast með starfsemi nefndarinnar á komandi árum. Starfsemi íþróttafélagsins Völsungs er gríðarlega fjölbreytt og eru iðkendur á öllum aldri. Íþróttafélagið fór á þessu ári af stað með almenningsíþróttadeild með það að markmiði að fleiri félagsmenn gætu fundið sér hreyfingu við hæfi. Á laugardögum hefur til að mynda verið boðið upp á opna tíma þar sem bæjarbúar geta tekið þátt í hinum ýmsu íþróttagreinum. Badminton hefur verið spilað í flestum tímunum og vil ég nota tækifærið og hvetja félagsmenn og bæjarbúa alla til að nýta sér tímana sem hafa verið á laugardögum frá 13:30 til 15:00. Tímarnir verða auglýstir að nýju eftir áramót.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komið hafa að starfsemi íþróttafélagsins Völsungs á árinu sem er að líða, bæði iðkendum, stjórnarmönnum, stuðningsmönnum og stuðnings aðilum.

**Með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og óskir um gleðileg jól.**  
**Jónas Halldór Friðriksson**



**Starfsfólk FSH**  
**sendir nemendum skólans**  
**og öllum íbúum Norðurþings**  
**innilegustu jólakveðjur.**

**Megi árið 2016 verða gæfuríkt og gott!**



Aðalstjórn Völsungs sendir Völsungum nær og fjær bestu óskir um gleðileg jól og þakkar stuðninginn og samfylgdina á árinu sem er að líða.  
**Jólakveðja, Aðalstjórn**



## Íþróttafólk Völsungs

Íþróttafólk Völsungs fer fram 29. desember kl. 17:00 í Hvammi. Veittar verða viðurkenningar, ásamt því sem íþróttafólk Völsungs verður útnefnt. Boðið verður upp á kaffi og konfekt.



Gleðileg jól, farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Við óskum Húsvíkingum og nærsveitungum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða. Bestu Jólakveðjur.  
**Anna Soffía og María.**



# Ávarp formanns

Árið 2015 var okkur Völsungum gott, góður árangur náðist innan sem utan vallar. Kraftur var í starfseminni og framlag félaga mikið og gott.

Aðalfundur Völsungs var haldinn í maí og varð ein breyting á stjórninni. Lúðvík Kristinsson gaf ekki lengur kost á sér en hann hefur átt sæti í aðalstjórn nokkuð mörg ár, aðalstjórn þakkar honum fyrir vel unnin störf innan aðalstjórnar. Völsungur nýtur enn starfkraft Lúlla en hann er að þjálfa krakkablað á fullum krafti. Heiðar Hrafn Halldórsson kom nýr inn í stjórnina og bjóðum við hann velkominn til starfa og þátttöku. Stjórnina skipa Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Elín M. Gunnsteinsdóttir ritari, Rannveig Þórðardóttir og Már Höskuldsson meðstjórindur og Heiðar Hrafn Halldórsson og Víðir Svansson varamenn.



Guðrún Kristinsdóttir.

Á árinu 2015 hefur aðalstjórn séð um og rekið íþróttavellina á Húsavík, verið með sumarskóla fyrir börn, haldið utan um opna tíma í Höllinni á laugardögum, boðið upp á kaffi í vallahúsinu á þriðjudögum og fimmtudögum, haldið úti góðri heima- og facebookarsíðu þar sem helstu fréttir birtast reglulega.

Vinna við fyrirmyndarfélagið er á lokastigum, allar deildir eru að ljúka við vinnu við námskrá deildanna. Þriðjudaginn 29. desember munum við fá viðurkenningu frá ÍSÍ í sérstöku hófi. Þar munum við einnig veita viðurkenningar og útnefna íþróttafólk Völsungs fyrir árangur sinn á árinu 2015.

Þá er draumur aðalstjórn til margra ára að verða að veruleika en búið er að útbúa skilti sem markar Íslandsmeistaravegg Völsungs sem verður í Höllinni. Þarna verða nöfn og flokkar allra Völsunga sem hafa orðið Íslandsmeistarar og væntanlega Íslandsmeistarar, skráðir á þennan vegg. Það er vona okkar að þetta verði hvatning fyrir ungt íþróttafólk að sjá hve marga Íslandsmeistarara Völsungur hefur átt í gegnum áratugin.

Sögunefndin vinnur að fullum krafti við að undirbúa sögu félagsins með því að taka viðtöl við eldri Völsunga. Ákveðið hefur verið að þegar félagið verður 90 ára 12. apríl 2017 að gefa út afmælisrit.

Félagsgjöldin hafa verið send út til félagsmanna ásamt upplýsingum hvað félagsgjöldin veita viðkomandi félagsmanni. Það er okkur í aðalstjórn mjög mikilvægt að félagsmenn sjá hag sinn í því að greiða félagsgjaldið og í leiðinni styrkja og efla starfið.

Markmið Völsungs á alltaf að vera það að skapa iðkendum okkar góða aðstöðu til æfinga ásamt góðum menntuðum þjálfurum, við eigum að hafa metnað í að ná góðum árangri með öflugum og traustum fjárhag að leiðarljósi.

Aðalstjórn vill færa Höllu Rún Tryggvadóttur þakki fyrir alla þá vinnu sem hún hefur unnið fyrir stjórnina en hún hefur lesið yfir alla kaflana í fyrirmyndarfélaginu ásamt því að lesa yfir alla texta sem birtast í júlalöðunum. Framlag hennar fyrir félagið er okkur ómetanlegt.

Við eigum alltaf að vera á tænum og vakandi yfir öllu því sem gert er innan félagsins, bæði því sem vel er gert og því sem betur má fara. Við eigum að vera gagnrýnin á starfið á jákvæðan hátt og koma athugasemdum á rétta staði, þannig aukum við gæði starfsins og markmiðið er okkur öllum sameiginlegt að bæta okkur og gera hlutina betri, eins og máltækið segir „Betur sjá augu en auga“.

Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu sem hafa unnið fyrir Völsung á árinu, stjórnnum deilda, aðalstjórn Völsungs, framkvæmda-stjóra, þjálfurum, foreldrum og öllum sjálfboðaliðum utan vallar sem innan. Öllum styrktaraðilum eru færðar þakki fyrir þeirra framlag og stuðning til íþróttar- og félagsstarfsins. Sveitarfélaginu Norðurþingi er þakkað þeirrar framlag og stuðning við félagið á árinu.

Að lokum vil ég fyrir hönd aðalstjórnar óska öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir liðið ár.

**Með jólakveðju, Guðrún Kristinsdóttir formaður Í.F.Völsungs**



Þekkingarsetrið á Hafnarstétt  
óskar Þingeyingum gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.



Þekkingarnet  
Þingeyinga



Náttúrustofa  
Norðausturlands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Sundlaugin á Húsavík

### OPNUNARTÍMAR UM JÓL OG ÁRAMÓT. 2015-2016

PORLÁKSMESSA 23/12 06:45-18:00

**AÐFANGADAGUR 24.12**  
**KI.10.00-13.00**

JÓLADAGUR 25.12. LOKAÐ

ANNAR Í JÓLUM 26.12 KI. 10.00-13.00

GAMLÁRSDAGUR 31.12 KI.10.00-15.00

NÝÁRSDAGUR. 01.01 2015. LOKAÐ

**Aðra daga er opnunartími  
eins og venjulega.**

**ATH!**

**Seinni tímamörk tákna þann tíma er  
gestir skulu hafa yfirgefið bygginguna.**

## ÁRAMÓTABRENNNA og FLUGELDASÝNING

**KVEIKT VERÐUR**

**Í ÁRAMÓTABÁLKESTI BÆJARINS  
KL. 16:45 ÞANN 31. DESEMBER.**

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ VÖLSUNGUR SÉR UM AÐ  
TENDRA ELDINN. KIWANISKLÚBBURINN  
SKJÁLFAÐI VERÐUR MEÐ FLUGELDASÝNINGU.

KOMUM SAMAN OG KVEÐJUM ÁRIÐ 2015  
OG FÖGNUM ÞVÍ NÝJA.

BRENNAN ER STAÐSETT FYRIR NEDAN  
SKJÓLBREKKU.

MUNIÐ AÐ KOMA HVORKI MEÐ FLUGELDA  
NÉ BLYS AÐ BRENNUNNI, LÁTUM FAGMENNINA  
HJÁ KIWANIS SJÁ UM ÞÁ HLUTI.



NORÐURPING



Skjálfaði



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum  
og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



**GPG**  
**SEAFOOD**

# Íþróttamaður Húsavíkur 2014

Íþróttamaður Húsavíkur er valinn í febrúar ár hvert. Nefnd á vegum Kiwanisblúbbsins Skjálfanda sér um valið og annast afhendingu verðlauna. Veitt eru verðlaun fyrir ástundun, frammistöðu og árangur á liðnu ári. Var þetta í 19. sinn sem Kiwanismenn heiðra afreksfólk í íþróttum. Að þessu sinni voru send erindi á forsvarsmenn 15 íþróttagreina og óskað eftir tilnefningum í 30 flokka. Svör bárust frá öllum, en tvær deildir í Völsungi, siglingadeild og motorcrossdeild ákváðu að tilnefna ekki að þessu sinni og rökstuddu það í svari sínu. Í heildina voru átján íþróttamenn heiðraðir fyrir afrek sín og ástundun í þrettán íþróttagreinum og að lokum var tilkynnt um val á íþróttamanni Húsavíkur 2014.

Íþróttamaður Húsavíkur 2014 var valinn Kristbjörn Óskarsson, félagi í Bocciadeild Völsungs. Kristbjörn er margreyndur bocciamaður sem hefur til fjölda ára, eða allt frá stofnun bocciadeildarinnar, verið í hópi bestu bocciamanna á landinu. Hann hefur keppt á öllum Íslandsmótum og öðrum stórmótum, bæði í einstaklings og liðakeppni, en hann er í 1. deild bæði í einstaklings og liða flokki. Áður hefur Kristbjörn verið valinn í landslið Íslands í bocchia til að keppa fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti. Kristbjörn varð íslandsmeistari í bocchia í einstaklingskeppni árið 2014.



Benedikt Kristjánsson forseti Kiwanisblúbbsins Skjálfanda afhenti Kristbirni verðlaun þau sem fylgja titlinum Íþróttamaður Húsavíkur.

Gleðileg jól  
farsælt komandi ár  
þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**Bílaþjónustan ehf.**  
Garðarsbraut 52 - 640 Húsavík  
Sími 464 1122



Óskum viðskiptavinum  
okkar og öðrum Þing-  
eyingum Gleðilegra  
jóna og farsældar á nýju ári.  
þökkum viðskiptin

**viðbót**

kjöttvinnsla



Óskum öllum Völsungum til sjávar  
og sveita  
gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin  
á liðnu ári.

Sími 464 1500 • Fax: 464 1501 • Netfang: info@gentlegiants.is  
Heimasíða: www.gentlegiants.is



Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár



Snyrtistofan  
**HILMA**  
Sími: 464 1837

**Anna Dóra  
Sjúkranuddari**

**HÁRFORM**  
SÍMI: 464 2929

**Gréta Björgvinsdóttir  
Sjúkranuddari**



**Gleðileg jól**



og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum  
og nærsveitungum  
gleðilegra jóla og  
farsæls komandi árs.



**STEINSTEYPIR**

Óskum Húsvíkingum  
og Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu.

**GARÐARSHÓLMI**  
SÍMI 464 2325

Óskum Húsvíkingum  
og nærsveitungum  
gleðilegra jóla og  
farsæls komandi árs.



**BRETTI**

SAH BRETTI · Urðargerði 1 · 640 Húsavík  
Símar: 464 1020 & 864 1020 · Kf.: 650808-2230

Óskum Þingeyingum  
gleðilegra jóla og  
farsæls komandi árs.  
Þökkum  
samskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



Óskum  
viðskiptavinum  
okkar gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin á árinu.




Óskum gestum okkar  
og öðrum Húsvíkingum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi  
ári með þökk fyrir  
samskiptin á  
árinu.



# Jólahugvekja sóknarprests

## Komið til mín

„Komið til mín“, heitir stytta Thorvaldsens, frummyndin er í kór Frúarkirkjunnar í Kaupmannahöfn. Hún túlkar vel þjónandi kærleika Guðs. Kristur breiðir út faðminn og lútir höfði. Það er varnalaus stelling og sýnir traust hans til heimsins þrátt fyrir allt, þess ber hann merki að hafa breitt út faðm sinn móti heiminum á höndum, fótum og síðu. Þjónandi kærleikur þvingar ekki, heldur skapar frelsi. Sá sem krýpur í auðmýkt horfist í augu við Krist, sá sem tekur sér stöðu með þurfandi smælingjum, sér Krist, sá sem þjónar öðrum í kærleika, elskar Krist. Mér var hugsað til þessarar fallegu styttnar og þessara orða þegar ég gekk Strikið í Kaupmannahöfn með börnum mínum og tengdadóttur um miðjan nóvember. Í Frúarkirkjunni hafði ég rétt áður horft til styttunnar og tendrað ljós og beðið Guð m.a. um að gefa frið á jörð undir fallegum söng barna og unglunga sem voru að æfa sig í kirkjunni. Lögin voru kunnugleg en oft hafa þau verið sungin á adventunni og á jólum á Húsavík. Samferðafólk mitt á Strikinu hafði á orði hvað því hafi þótt notalegt að koma inn í Frúarkirkjuna og staldra þar við og hlusta á fallegan söng barnanna sem báðu líka um frið á jörð. Að baki voru atburðirnir hræðilegu í París. Ég var svo hræður í kirkjunni að ég gleymdi þar poka með gómsætum gráðosti sem ég hafði keypt á Strikinu rétt áður. Vonandi hefur hann komið sér vel fyrir þurfandi manneskju sem leitaði skjóls í kirkjunni en úti var kalt og hráslagalegt þetta síðdegi.



Eftir heimsókn okkar í Frúarkirkjuna tók ég eftir þurfandi fólki sem ýmist sat eða lá meðfram húsveggjum við Strikið. Sumir höfðu breytt yfir sig dagblað eða teppi. Yfir höfðum þeirra mátti sjá dýrð heimsins fyrir innan gluggarúðurnar í margvíslegum varningi sem var til sölu í verslunum. Það hvarflaði að mér að þetta gæti verið flóttafólk frá Sýrlandi. Hvað átti ég að gera? Staldra við eða ganga framhjá? Ýmsar ögrandi spurningar fóru í gegnum huga minn á göngunni þetta síðdegi líkt og svo oft áður í þessari heimsókn til Kaupmannahafnar. Átti ég ekki að taka mér stöðu með þurfandi smælingjum og rétta hjálparhönd eins og Kristur býður að við eigum að gera í kærleika? Yfir höfðum okkar lágu fallegar götuskeytingar yfir götuna með reglulegu millibili. Í miðju skrautinu voru rauð hjörtu sem stungu mig í hjartað vegna þess að ég kaus að láta sem ekkert væri og ganga framhjá þurfandi fólkinu. Ég bað Guð að fyrirgefa mér í hugarum.

Þetta eru kannski sammannleg viðbrögð vegna ótta sem búið hefur um sig í hjörtum okkar. Þegar við erum hrædd þá víkjum við af leið í stað þess að staldra við og láta ástina og elskuna reka út óttann sem eru réttu viðbrögðin og feta þannig í fótspor Miskunnsama Samverjans í dæmisöginni góðu. Það er erfitt að ganga í þessi fótspor vegna þess að þá þurfum við að fara út fyrir þægindarammann og finna virkilega fyrir því sem við gefum af okkur, hvort sem það er af dýrð þessa heims eða því sem eigum mest af, auði hjartans, ástinni, kærleikanum, samliðaninni fyrir kjörum annarra, fólks af ólíku þjóðerni, öðrum kynþáttum, fólki sem býr ekki til höggmyndir af sinni guðsmynd líkt og Thorvaldsen gerði forðum og birtist mér í Frúarkirkjunni.

Ég kaus frekar að gauka smámynt að manni sem lék listavel á glös á Strikinu sem hann hafði fyllt til hálfis með vatni, vegna þess að hann gladdi mig með því að ná fram undurfögnum hljómunum úr þessum glösum. Við fórum síðan á Hvids Vinstue á Kongens Nytorv sem opnuð var 1723 og fengum okkur öl og smurt brauð. Þar var mynd af Jónasi Hallgrímssyni og Fjölnismönnum í einu herberginu. Mér fannst ég vera kominn heim. Talið barst að stundinni í Frúarkirkjunni. Þá rifjaði ég upp með syni mínum stundina sem við áttum saman í sumar í Skálholtskirkju þegar ég hóf þar upp raustina fyrir framan Kristsmynd Nínu Tryggvadóttur og söng „Þurfamaður ert þú mín sál, / þiggur af Drottni sérhvert mál. Fæðu þína og fóstrið allt, / fyrir það honum þakka skalt.“ Það var eins og Kristur kæmi til móts við okkur feðga með mal sinn sér við hlið umfavinn íslenskum náttúrulegum litum. Í honum skynjaði ég gjafir Guðs til okkar, perlu trúarinnar sem við viljum ekki láta af hendi, kærleikann sem Kristur gefur án skilyrða og vonina sem reynist okkur sem akkeri í erfiðum kringumstæðum í lífinu.

Við erum öll þurfamenn og í því ljósi höfum við margt að þakka fyrir, líf og heilsu og fjölskylduna. Við skulum ekki gleyma að þakka Guði fyrir að gera okkur kleift að lifa í friði hér á landi. Við skulum biðja hann að hjálpa okkur að elska náungann hvar sem hann er að finna án skilyrða því að með þeim hætti elskum við Jesú Krist.

Ég treysti því að dýrð Guðs hafi birst í barninu sem lagt var í jötu í fjárhúsi og þurfti að reiða sig á umvefjandi faðm jarðneskra foeldra sem gáfu því nafnið Jesús sem merkir sá sem frelsar. Fyrir náð Guðs rættust spádómar gamla testamentisins í Jesú um undraráðgjafann og friðarhöfðingjann. Það eru margir sem leitast við að reka erindi hans í þessum heimi með kostum sínum og göllum í því skyni að gera þennan heim friðvænlegri.

Kristur breiðir út faðminn og lútir höfði. Hann treystir okkur fyrir verkefninu. Á jólum biðjum við um frið á jörð í ljósi orða friðarhöfðingjans sem segir: „Komið til mín, öll þér sem erfið og þunga eruð hlaðin, og ég mun veita yður hvíld.“ Matt. 11: 28

**Guð gefi þér gleðileg jól**

**Séra Sighvatur Karlsson, sóknarprestur á Húsavík.**



Gleðileg jól,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



orkusalan

# Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

## Litlu hlutirnir

Hreyfa sig og borða hollt!!! Sjaldan er góð vísa of oft kveðin, og það á svo sannarlega við um þessa fullyrðingu en hvað þýðir hún í raun? Umræðan um lýðheilsu er nú sem áður í hávegum höfð. Íþróttafélög verða stærri og öflugri og framboð af alls kyns líkamsrækt eykst með degi hverjum.

En hvað þarf í raun til að stunda heilbriggt lífni? Í raun má segja að í nútímasamfélagi þurfi ekki neitt nema hugarfarið. Góð aðstaða er að sjálfsgöðu það sem við öll viljum sjá, enda getur hún svo sannarlega verið heilsuhvetjandi.

En litlu hlutirnir skipta líka máli. Valkostirnir sem hver maður stendur frammi fyrir hvern dag eru allstaðar. Hafragrautur eða Coco Puffs? Keyra eða labba? Gos eða ekki gos, þar liggur ef til vill efinn.

Ástæða þess að við stundum líkamsrækt getur þó verið mismunandi og er það einn af kostum þess að

það veitir okkur einhverskonar ánægju. Því til stuðnings má nefna að gildi íþróttar sem sjónvarps- og afþreyingarefnis fer sífellt vaxandi bæði hér heima og á heimsvísu. Reikna má með að fjöldamargir Íslendingar muni fylgjast með landsliðum okkar Íslendinga á komandi ári. Völsungar/Húsvíkingar eiga einn fulltrúa (Hallgrímur Jónasson) sem hefur verið í landsliðshópi Íslands í knattspyrnu og mun keppa á úrslitakeppni Evrópumótsins í Frakklandi á næsta ári. Það minnir okkur á mikilvægi þess að hlúa vel að garðinum okkar því það er einmitt þar sem að stjórnur framtíðarinnar verða til. En hvort sem Völsungar dagsins í dag ná eins langt og hann eða ekki, þá er framlag íþróttafélaga til samfélagsins mikilvægt í að móta viðhorf okkar til hreyfingar. Það er mótun sem hefur ævilöng áhrif á okkur. En hvert er hlutverk hins opinbera í því að stuðla að heilsusamlegu samfélagi? Ekki er neitt eitt rétt svar við því en ákveðin vitundarvakning hefur átt sér stað í þeim efnum. Hvatning til heilsusamlegs lífennis getur verið kostnaðarsparandi fyrir heilbrigðiskerfið og búið okkur betra líf á marga vegu. Aðgerðir sveitarfélaga og vinnuveitenda geta auðveldað okkur þetta daglega val eins og ég kom inná hér í upphafi. Þá komum við aftur að litlu hlutunum. Hér eru nokkur dæmi um það sem vinnuveitendur og sveitarfélög geta, gert til að hvetja til heilsusamlegs lífstíls. Hægt væri að gefa gangandi möguleika á fara 10 mín. fyrr úr vinnu til að sækja í skóla/leikskóla. Veita svigrúm í vinnutíma til að sinna heilsurækt. Fá aðila vikulega til að sjá um léttu leikfimi/jóga í hádegi. Kaupa reiðhjól á vinnustað til að sinna útréttingum. Bjóða uppá holla næringu í kaffitímum/hádegi eða á fundum. Sveitarfélagið gæti lagt áherslu á að moka göngustíga á undan götum til að hvetja til göngu. Samfella skóla og íþróttæfinga. Þessi upptalning er ekki tæmandi en er þó aðeins brot af því sem hægt væri að gera til að auðvelda okkur að velja heilbrigðan lífstíl.

Ýmis verkefni hafa því verið sett í gang á landsvísu til að ná okkur uppúr sófanum. Nefna má átakið "Hjólað í vinnuna" sem er orðið árlegt verkefni og hér í okkar sveitarfélagi er hægt að nefna heilsuárið 2015. Með því var ætlunin að draga fram allt það sem er að gerast í okkar nærumhverfi sem hefur heilsuefandi áhrif. Vonandi er verkefni eins og þetta forsmekkurinn af því sem koma skal.

En fyrsta „litla“ skrefið er alltaf huglægt og það er tekið í kollinum á okkur!

**Að lokum vil ég óska öllum gleðilegrar jóla og farsældar á nýju ári. Kjartan Páll Þórarinnsson, Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi Norðurbings**



## Jóla- og nýárskveðja Héraðssambands Þingeyinga

Sendum öllum Þingeyingum bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir stuðning, samstarf og allt sjálfbodaliðastarf á árinu sem er að líða.

Góðar jóla- eða tækifærisgjafir:

Hjá HSB er til sölu afmælisritið **“HSB 100 ára – 1914-2014”**: saga fyrirum héraðssambandanna HSB og UNB og síðar sameinaðs Héraðssambands Þingeyinga í máli og myndum yfir heila öld. Forlata lykklappa merkt HSB fylgir hverri bók.

Að auki er hægt að kaupa góða málmenna og HSB-jakka merkta afmælisári og til eru nokkrir DVD-diskar með afar skemmtilega gömlum upptökum af landsmótum, sem HSB hélt á Laugum 1946 og 1961 - og á Húsavík 1987.

Upplýsingar og pöntun í netfangi HSB: [hsth@hsth.is](mailto:hsth@hsth.is)



# Yngri flokkar í knattspyrnu

## Barna og unglingaráð Völsungs

Barna og unglingaráð heldur mánaðalega fundi ásamt framkvæmdarstjóra og er starfið fjölbreytt og áhugavert. Hlutverk barna og unglingaráðs er að halda utanum rekstur yngri flokka í knattspyrnu, þjálfaramál og fleira. Rekstur yngri flokka hefur verið með miklum ágætum þetta ár og gafst loksins svigrúm til, sem hefur verið til umræðu lengi, að ráða Yfirþjálfara yngri flokka Völsung. Staðan var auglýst á haustmánuðum og bárust nokkrar unmsóknir og var niðurstaða starfshóps sem fór yfir umsóknir ásamt formanni barna og unglingaráðs að ráða Unnar Þór Garðarsson í stöðuna. Með þessu erum við að sýna að við viljum halda áfram að leggja mikinn metnað í starfið og efla enn betur þjónustu við iðkendur.

Allir flokkar Völsungs voru duglegir að sækja mót bæði yfir vetrartímann og í sumar, og eins og þetta haust hefur verið okkur mjög hliðhólt hafa verið haldnir í haust nokkrir æfingaleikir og lítil helgarmót og er það von mín að hægt verði að gera meira af slíku. Svo er aldrei of oft kveðin sú vísa með ágæti þessa frábæra gervigrasvallar sem við höfum og eigum við að vera stolt af.

Ég vil fyrir hönd Barna og Unglingaráðs þakka iðkendum, foreldrum og þjálfurum fyrir árið sem er að líða og óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

### Guðni Bragason. Formaður barna- og unglingaráðs í knattspyrnu

#### 2. og 3. flokkur karla

Sú ákvörðun var tekin í vetur að skrá þennan hóp í Íslandsmót sem 2.flokk, nokkrar ástæður lágu þar að baki. Aðallega var það þunnur mannskapur og fámennur hópur undir þeim og frekar hægt að leita í eldri stráka til að fjölga í hópnum.

Eins og gefur að skilja áttu strákarnir undir högg að sækja enda oftast um að ræða leikmenn sem voru stærri, sterkari og eldri. Fyrsti leikurinn var á móti Grindavík/Sindra á heimavelli og tapaðist naumt, næsti leikur var síðan á Ísafirði og eftir 22 tíma ferðalag komum við til baka með 1 stig með okkur í rútni. Helgina eftir kom svo okkar fyrsti sigur en það var einnig á móti Ísafirðingum en þá skorðuðum við sigurmark í uppbótartíma og 4-3 sigur staðreynd. Í byrjun Júlí töpuðum við fyrir KF/Dalvík og Snæfellsnesi.

Í kjölfarið fóru strákarnir sem voru á 3.fl aldri á gothia cup og við tóku 2 mánuðir þar sem aðeins einn leikur var spilaður áður en við spiluðum hraðmót í lok September, þar sem okkur tókst t.d. að vinna Leikni/KB 3-2, en Leiknir fóru upp úr þessari deild á endanum. Þegar litið er til baka má segja að strákarnir hafi staðið vel í erfiðu umhverfi og held ég að það hafi þroskað okkar stráka helling að takast á við svona erfitt verkefni.

Alli Jói.

#### 3. flokkur kvenna

Það er ótrúlegt að það hafi gengið að halda úti liði í 3.fl.kvk í sumar þar sem stelpurnar voru fáar, allar í vaktavinnu og þ.a.l. allar að vinna á sitthvorum tímanum og því ómögulegt að púsla saman æfingaplani og hefði þetta aldrei gengið nema með mikilli hjálp yngri leikmanna.

Hófst þetta allt í janúar þegar við fórum á æfingarmót á Akureyri og gekk það svona allt í lagi. Nokkrir æfingaleikir tóku við áður en júnímánuður mætti á svæðið og fyrsti íslandsmótsleikur í Boganum á móti Þór var spilaður, og tapaðist hann illa.

Eftir það snérum við taflinu alveg við og spiluðum frábærlega alla okkar leiki á heimavelli (gervigrasinu) en áttum aðeins erfiðara með að spila á útivöllum á lélegum grasvöllum.

Þetta setti okkur í þá stöðu að við áttum hreinan úrlitaleik í síðasta leik riðilsins á móti sameiginlegu liði Fjarðarbyggðar, Leiknis og Hattar. Þar sýndum við okkar rétta andlit og unnum 4-1 og liðið komið í úrslit. Ótrúlegt afrek hjá stelpunum! Stelpurnar fóru einnig erlendis en það er sér pistill um það annarstaðar í blaðinu. Þar mættum við liði ÍA og spilað var á Blönduósi. Skagastúlkur fóru með sigur af hólmi.

Stelpurnar geta hins vegar verið stoltar af sér í sumar ótrúlega vel gert miðað við fámenni og skora ég á stelpurnar að halda áfram á sömu braut.

Alli Jói

#### 4. flokkur karla

12 strákar æfðu í 4.flokk og er það alltof fáir til að vera með 11 manna lið en strákarnir náðu að láta þetta ganga með að vera duglegir að mæta á æfingar. Í mars fórum við á æfingamót á Akureyri og var það svona fyrsti alvöru undirbúningur fyrir sumarið. Íslandsmótið hófst 12.júní eftir langa bið á heimavelli á móti Hetti og þar fengum við forsmekkin af því sem koma skyldi. 4-1 sigur og strákarnir rétt að hitna. Skemmst er frá því að segja að í þessum 10 leikjum sem spilaðir voru í riðlinu unnu þeir 9 og gerðu eitt jafntefli. Skoruðu 53 mörk og fengu á sig 10.

Það þýddi ekkert annað en úrslit og suður þurfti að fara til að heimsækja stóru liðin fyrir sunnan. Við náðum ekki að halda út sumarið taplausir en frábært sumar hjá þessum fagmönnum sem eiga bara eftir að verða betri og ber ég miklar vonir við að þarna séu drengir sem við eigum eftir að sjá mikið meira af í framtíðinni.

Í byrjum október voru svo tveir drengir úr þessum hópi valdir í Hæfileikamót KSÍ. Það voru þeir Atli Barkarson og Ragnar Máni Gunnarsson.

Alli Jói

#### 4. flokkur kvenna

Á árinu sem er að líða stunduðu 15 stelpur æfingar með reglulegum hætti. Við settu stefnuna strax á að spila mikið af leikjum og fengum bæði KA og Þór í heimsókn á gervigrasið. Í lok janúar fórum við á stefnumótið á Akureyri. Mótið var skemmtilegt og spiluðu allar stelpur mikið af mínútum í mótnu.

15 stelpur stunduðu æfingar með reglulegum hætti á árinu sem er að líða. Við byrjuðum snemma að spila leiki og fengum bæði Þór





og KA í heimsókn á gervigrasið. Í lok janúar settum við síðan stefnuna á stefnumót KA sem haldið var í Boganum á Akureyri. Stelpurnar stóðu sig vel í mótinu og áttu nokkra mjög fína leiki.

Íslandsmótið hófst fyrstu helgina í júní með ferð austur á land. Í riðlinum okkar voru 6 lið en fækkaði niður í 5 þegar mótið var hafið. Í heildina gerði þetta því 8 leiki. Við áttum fína spretti í leikjum sumarsins og spiluðum skemmtilegann fótbolta á stórum köflum. Stelpurnar eiga svo sannarlega framtíðina fyrir sér kjósi þær svo.

**Kv. Jónas Halldór**

## 5. flokkur karla

Árið 2015 hófst hjá 5. flokki drengja með þátttöku í Goðamóti á Akureyri í febrúar. Takmarkaðar heimildir eru til um gengi okkar á mótinu og því ekki farið nánar út í það hér. Þær heimildir sem til eru segja hins vegar frá skemmtilegri samveru og töluverðri þörf fyrir að láta ljós sitt skína eftir klukkan 11 á kvöldin. Þegar komið var að því að skrá lið í Íslandsmót voru aðeins 12 drengir á skrá og niðurstaðan varð því að skrá aðeins eitt lið til keppni. Það var að sjálfsgöðu eins og við manninn mælt að þegar búið var að skrá eitt lið bættust við fimm drengir sem æfðu með okkur í sumar. Það var því oft ótröð á hliðarlínunni í leikjum Íslandsmótsins og sjaldan verið betri mæting í leiki. Það var við rammann reip að draga í flestum leikjum og verkefni sumarsins var að gefast aldrei upp og gera alltaf sitt besta. Það gekk ótrúlega vel þrátt fyrir ósanngjarn mótlati á köflum. Upp úr standa tveir leikir, heimasigur á Einherja í spennandi leik 2-1 og frábær útisigur á KA 3-1. Þá tókum við einnig þátt í N1 mótinu á Akureyri í byrjun júlí og náðum með lánsmönnum úr 6. flokki að manna tvö lið, c og e lið. Enn var á brattann að sækja og leikur c liðsins við Fram lýsir vel þessum blessaða bratta. Okkar menn spila vel og komast yfir, 1-0. Framarar jafna en við náum aftur forystu, 2-1. Enn jafna Framarar en okkar menn gefast ekki upp og komast yfir, 3-2. Á lokasekúndum leiksins jafnar Fram í þriðja sinn í leiknum og leikurinn flautaður af skömmu síðar. Útljá þurfti leikinn með vítaspyrnukeppni. Mikki varði eina spyrnu frá þeim en við skutum tvisvar í stöngina og tap niðurstaðan. Er þetta ekki skilgreiningin á óheppni? En e liðið bætti okkur þetta í raun upp með eftirminnilegum leik á móti Leikni. Leiknismenn byrjuðu með látum og staðan orðin 3-0 fyrir Leikni snemma leiks. En smá saman unnu okkar menn sig inn í leikinn og þegar skammt var eftir voru þeir búnir að jafna leikinn og áður en lokaflautið gall náðu þeir að skora fjórða markið og sigur okkar manna staðreynd. Ístanbul hvað!! Ég vil nota tækifærið, um leið og ég óska Völsungum öllum gleðilegra jóla, og þakka öllum þeim sem komu að 5. flokki drengja síðastliðinn tvö ár fyrir samstarfið.



**Jón Höskuldsson**

## 5. flokkur kvenna

Það voru 18 stelpur sem æfðu síðastliðið ár í 5. flokki. Þær voru mjög duglegir að mæta á æfingar og má segja að þessi hópur sé gott dæmi um hvað mætingasókn og samviskusemi á æfingum skilar sér í árangri. Í mars var farið með 2 lið á Goðamót á Akureyri, þar var góður árangur bæði innan vallar sem utan. Íslandsmótið var svo í gangi í allt sumar, við vorum með KA, Þór og KF/Dalvík í riðli. Þar var árangurinn ásættanlegur, þó segja megi að enn vanti aðeins uppá að stelpurnar hafi trú á eigin getu í þessum leikjum.

Hápunktur sumarsins var án nokkurs vafa þátttaka félagsins á Síamóti í Kópavogi í júlí. Þangað fórum við með 2 lið. Við getum verið stolt af frammistöðunni á mótinu, bæði liðin spiluðu skemmtilegan fótbolta sem allir gátu verið stoltir af, það skilaði silfurverðlaunum og einnig var Lára Hlín Svavarsdóttir valin í landslið í leik þess og pressuliðs á mótinu.

Það er óhætt að segja að í þessum hópi er mikill efniviður sem með áframhaldandi samviskusemi og dugnaði á eftir að láta til sín taka og vera félaginu okkar til sóma á næstu árum.

**Unnar Þór og Ísak**

## 6. flokkur karla

Í sjötta flokki karla voru 24 strákar að æfa. Þrátt fyrir óhægstætt veðrasumar þá voru strákarnir duglegir að mæta sem skilaði sér í miklum framförum.

Strákarnir eru orðnir frekar sjóaðir í því að keppa og tóku þátt í mörgum mótum og er fyrst að nefna Goðamót sem haldið var um miðjan mars í Boganum. Við fórum með 4 lið og gerðum gott mót á öllum vígstöðum, einu liðinu tókst meira að segja að vinna mótið í sínum styrkleika.

19. apríl fórum við svo á Reyðarfjörð og tókum þátt í Fjarðarálsmótinu. Dagsmót sem við höfum ekki farið á áður með svona unga krakka og var bara nokkuð skemmtilegt hjá frændum okkar fyrir austan. Næsta mót var um miðjan júní og var pollamót á Akureyri, pollamót er íslandsmót í þessum flokki og vorum við alveg á pari við Akureyrlíðin sem er mjög gott.

Í júlí var svo farið á Strandarmótið á Árskógströnd sem allir ættu að vera farnir að þekkja. 8-9 ágúst var það Króksmótið. Eins og á hinum gistimóti okkar þá gerðu öll liðin okkar gott mót, spiluðu flottan fótbolta og skemmtu sér vel sem er fyrir mestu. Einu liðinu okkar tókst svo að vinna mótið og koma heim með bikar.

Köldu fótboltasumri lauk svo í blíðskaparveðri hérna á Húsavík á Kiwanismóti þar sem okkar menn stóðu sig mjög vel.

**Alli Jói**

## 6. flokkur kvenna

Það voru rúmlega 20 stelpur sem æfðu síðastliðið ár í 6. flokki. Þær voru mjög duglegir að mæta á æfingar og tóku miklum framförum og oft var mikið líf og fjör á æfingunum. Í mars var farið með 4 lið á Goðamót, þar var góður árangur bæði innan vallar sem utan og óhætt að segja að þar hafi leikmenn þroskast og orðið til vinabönd til framtíðar.

Í sumar spiluðum við á Hnátumóti hér heima, við skráðum 4 lið og var mótið hið skemmtilegasta. Síðustu helgina í júní var svo farið á Landsbankamót á Sauðárkróki með 4 lið þar sem stelpurnar stóðu sig vel og var mjög gaman hjá okkur. Í lok sumars spiluðum við svo hér á heimavelli á Kiwanismóti og var það frábær endapunktur á knattspyrnuárinu, mikil leikgleði og góður árangur.

Takk fyrir skemmtilegan tíma, veriði duglegar að æfa áfram.

**Unnar Þór og Ísak**



## 7. flokkur

Í sjöunda flokki æfa saman strákar og stelpur í 1. og 2. bekk. í sumar æfðu 25 krakkar, 14 strákar og 11 stelpur, flest á yngri ári. Æfingar voru mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl.09:30.

Mér til aðstoðar voru Rúnar Þór, Bergdís Björg og Guðrún María.

Ég setti þetta þannig upp að reyna hámarka gamanið ásamt því að reyna að kenna krökkunum helsta grunn fótboltans, og ég held að það hafi tekist bara nokkuð vel.

Mótamálum var þannig háttað að við fórum á 1 mót í mánuði. Byrjuðum í Mai á að fara inn á akureyri og keppa þar inni í Boganum.

Í Júní var það Nikulásarmótið á Ólafsfirði. Í Júlí mánuði var farið á Strandarmótið og svo loks í Ágúst tókum við þátt í glæsilegu Kiwanismóti á Húsavík, Við komum með þá nýjung að spila mótið í góðu veðri og gekk það svona líka vel, ég reikna með því að við höldum því áfram svoleiðis næstu ár. Að lokum langar mig bara að þakka þessum framtíðar fótboltamönnum og konum kærlega fyrir sumarið.

**Alli Jói**

## 8. flokkur

Flokkurinn æfði tvisvar í viku í sumar, á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 16:30. Iðkendur voru 18 talsins og réð gleðinn yfirleitt ríkjum á æfingum. Krakkarnir voru áhugasamir og duglegir á æfingum þrátt fyrir að veðrið hafi ekki leikið við okkur í sumar en krakkarnir létu það nú ekki mikið á sig fá.

Við tókum þátt á Strandarmóti í júlí þar sem við mættum með 2 lið sem stóðu sig frábærlega og allir skemmtu sér vel. Einnig vorum við með 2 lið á Kiwanismótinu hér heima og var virkilega gaman að fylgjast með krökkunum spila og sjá hvað þau höfðu tekið miklum framförum í sumar.

**Jólaakveður, Helga Björg Pálmadóttir og Ísak Már Aðalsteinsson**

## Kiwanismótið 2015

Kiwanismótið 2015 var haldið laugardaginn 22. ágúst. Mótið var gríðarlega vel sótt, en um 103 lið frá 9 þróttafélögum voru skráð til leiks. Keppt var í stúlkna- og strákaflokkum í 6. og 7. flokk og í sameiginlegum liðum í 8. flokk. Bæði var spilað á gervigrasvellingum og grasvellingum en 12 vellir voru settir upp. Mótið hófst klukkan 10:00 og kláruðust síðustu leikirnir um klukkan 16:30. Eftir síðasta leik fengu allir keppendur grillaða pylsu og verðlaunapening. Mótið gekk mjög vel fyrir sig, veðrið lék við gesti og gangandi en um miðjan dag má áætla að um 1000 manns hafi verið á svæðinu.

Eins og síðustu ár er mótið ein af fjárflokkunum yngri flokka Völsungs, en foreldrar barna sáu alfarið um uppsetningu og framkvæmd mótsins. Á meðan á mótinu stóð var sjoppa í vallarhúsinu þar sem foreldrar barna í 6. flokki sáu um að afgreiða svanga mótsgesti. Svo vel gekk að selja að fara þurfti út í búð til að versla meira, þar sem allt seldist upp. Foreldrar barna í 7. og 8. flokki sáu um að grilla pylsur ofan í keppendur og höfðu yfirumsjón með svæðinu.

Mótið var það stærsta sem haldið hefur verið á Húsavík lengi og er vonast eftir svipaðri þátttöku næstu ár. Mótsstjórn vill þakka öllum þeim sem lögðu sitt að mörkum við framkvæmd mótsins. Þar má nefna foreldra barna í yngri flokkum, aðila sem tóku að sér dómgæslu, styktaraðila mótsins og fleiri. Án þessarar aðila hefði mótið ekki gengið upp. Óska ég ykkur góðrar aðventu og jóla, og gleðilegs nýs árs.

**Jólaakveðja, Ísak Már Aðalsteinsson, mótsstjóri.**

## Gothia Cup, 3. flokkur karla og kvenna

Eldsnefma morguns þann 10. júlí mættu krakkarnir með ferðatöskurnar sínar og hoppuðu upp í rútu.

Skrjóðurinn renndi með okkur til Keflavíkur þar sem okkar beið flug til Gautaborgar. Við lentum kl. 21:30 að staðartíma og áttum þá eftir smá keyrslu að skólanum þar sem við gistum.

Þegar vaknað var á laugardeginum voru farastjórnarnir klárir með morgunmat og svo drifu sig allir í mollið þar sem hitað var upp í búðunum. Við enduðum daginn svo í Liseberg tívolíþátt þar sem garðurinn var kortlagður fyrir komandi átök í vikunni.

Á sunnudeginum var Liseberg tekinn með trompi framan af degi og svo slakað á um kvöldið því mótið byrjaði snemma á mánudeginum. Á mánudeginum var ræst fyrir kl. 8 og rólt í mat og svo ferðast á sína leikstaði. Strákarnir hófu leik á móti sænska liðinu Ersmark IK og eftir að hafa lent 2-0 undir jöfnuðu okkar menn 2-2 og þar við sat. Stelpurnar áttu finnska liðið VJS Vantaan jalkapalloseura í fyrsta leik og unnu 1-0 sigur í þeim leik. Strákarnir áttu svo annan leik seinni partinn og mættu þá bresku liði sem var hrikalega gott og voru Bretarnir komnir í 3-0 áður en okkar menn tóku við sér. 5-1 tap en sárast var kannski að Bretunum tókst að viðbeinsbrjóta Sidda greyið. Eftir leik drifu sig allir í sturtu því það styttest í opunarhátíðina. Hún var haldin á Ullevi, stórglæsileg hátíð. Á heimleiðinni fengu krakkarnir svo að kynna alvöru troðning þar sem allir voru á heimleið á sama tíma.

Morguninn eftir þurftu strákarnir svo að rífa sig á lappir þar sem þeir áttu aftur leik snemma. Núna voru það Þjóðverjar og heitir liðið TSV SÜDERBRARUP. Okkar menn voru mikið betri og þó mörkin hafi aðeins látið á sér standa framan af kláruðu strákarnir leikinn með 3-0 sigri. Stelpurnar fengu að sofa út áttu ekki leik fyrr en kl. 15:00 og það á glæsilegum velli sem var í um það bil tveggja mínútna göngufæri við skólann okkar. Þar mættu þær sænska liðinu Knivsta IK sem fyrirfram var talið besta liðið í riðlinum. Eftir mikla baráttu þá var markalaust í hálfleik, okkar stelpur mættu gríðarlega flottar inn í seinni hálfleikinn og skoruðu 4 mörk gegn engu og unnu því glæsilegan sigur. Enn og aftur þurftu strákarnir snemma á lappir og mættu nú sænska liðinu Vallentuna BK. Strákarnir spiluðu flottan leik og unnu 5-0 sigur. Riðillinn því búinn og 2 sigrar, 1 jaftefli og 1 tap þýddi að strákarnir rétt misstu af A úrslitum, en virkilega flott spilaður riðill hjá strákunum. Stelpurnar mættu liði Helsingborgs AIS og ljóst að jafntefli mundi tryggja okkar stelpum efsta sætið í sínum riðli. Leikurinn spilaðist svolítið eftir því. Stelpurnar tóku enga sénsa og endaði með markalausum jafntefli. Frábært hjá stelpunum að vinna sinn riðil og komast í A úrslit. Góðum degi var svo fagnað í Liseberg. Á fimmtudeginum var svo fyrirkomulagið orðið þannig að allir leikir voru úrslitaleikir. Ef liðin töpuðu þá voru þau úr leik. Núna byrjuðu stelpurnar, þær mættu sænska liðinu Vikingstad SK og töpuðu 2-0 í hörkuleik og vert að taka það fram að þetta voru einu 2 mörkin sem stelpurnar fengu á sig í mótinu, mjög vel gert og þó

svo að stelpurnar hafi dottið út þarna þá spiluðu þær frábært mót. Strákarnir mættu norska liðinu Rølingen FK og því miður áttu þeir sinn versta leik í mótinu þarna og töpuðu 1-0, svekkjandi að detta út en mega ekki gleyma því að þeir spiluðu mjög góðan riðil.

Þegar við náðum svo að kyngja þessu var ýmist verslað, horft á fótbolta, farið í Liseberg eða hreinlega sleikt sólin en það var alveg nóg af henni þarna úti. Föstudagurinn var svo frjálss og framan af laugardeginum líka áður en við kvöddum Svíþjóð með söknuði enda frábær ferð að baki.

**Alli Jói**



# Bardagaíþróttadeild

Á aðalfundi Völsungs í maí síðastliðnum var samþykkt nafnbreyting á karate deild Völsungs og henni breytt í bardagaíþróttadeild Völsungs. Með nafnbreytingunni var kosin ný stjórn í deildinni og þar með öðlaðist hún nýtt líf aftur innan Völsungs. Við enduðum síðasta vetur með beltaprófi fyrir iðkendur deildarinnar sem var haldið í Hvammi. Metþáttaka var í beltaprófinu hjá okkur, samtals 26 iðkendur, 24 frá Völsungi og komu tveir frá Þór á Akureyri og fengu að vera með í prófinu.

Þetta haust byrjaði mjög vel og mikill áhugi er að fá að koma og prófa, krakkarnir eru gríðarlega fljótir að tileinka sér allar þær reglur og hefðir sem við höfum. Margt spennandi hefur verið að gerast á landinu í tengslum við TaeKwonDo. Undirritaður fór á Selfoss í október sl. og tók þátt í æfingabúðum sem voru haldnar af TaeKwonDo Akademiú Íslands. Einn af fremstu TaeKwonDo keppendum í heimi, Aaron Cook, var með æfingar og kennslu á nýjungum í bardagatækni. Alls voru um 150 þáttakendur frá öllum TaeKwonDo félögum á landinu.

Í nóvember var stefnan sett á að fara með um 10 keppendur á okkar fyrsta TaeKwonDo mót, sem er fyrsta mót af þriggja mótarið sem TaeKwondo Akademinan heldur þennan vetur. Þetta mót var haldið á Selfossi 21. nóvember. Mótið var lagt upp fyrir byrjendur og þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppni, bæði í bardaga(sparring) og formum (poomse).

Næsta ár hjá okkur í bardagaíþróttadeildinni verður spennandi, við stefnum á að halda fleiri kynningar og vera með æfingabúðir úr fleiri greinum í þessum flokki íþrótta. Einnig erum við að vinna hörðum höndum að fá síðustu mótariðina hingað norður í maí á næsta ári sem væri stórkostlegt fyrir deildina okkar.

**Trausti Már Valgeirsson, yfirkennari bardagaíþróttadeildar Völsungs**



Óskum öllum Völsungum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Grímur vélsmiðja óskar öllum Völsungum nær og fjær gleðilegra jóla.



Garðarsbraut 48 • 640 Húsavík  
Kennitala: 560304 • Sími: 464 22806  
Sími 464 1055 • Fax 464 2055

Flugfélagið Ernir óskar Völsungum gleðilegra jóla og heillaríks komandi árs



Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Garðarsbraut 66 • Húsavík

Óskum Húsvíkingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum liðin ár.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Hestamiðstöðin Saltvík óskar öllum Húsvíkingum og öðru góðu og skemmtilegu fólki gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári :)



# Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



**Með gjafakorti Landsbankans** er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



# Fimleikar

## Iðkendur og þjálfarar

Fimleikadeildin hóf starfsemi að venju í byrjun september. Í fimleikum æfa fjórir hópar; leikskólakrakkar, 1.-5. bekkur í tveimur hópum og krakkar frá 6. bekk og upp úr í elsta hópnum.

Fjöldi iðkenda er svipaður og verið hefur undanfarin ár, milli 50 og 60 krakkar. Strákum er aðeins að fjölga í deildinni í öllum aldurshópum og er það vel enda fimleikar alhliða íþrótt sem hentar báðum kynjum. Tveir iðkendur láta það ekki aftra sér að búa í Mývatnssveit og sækja æfingar alla leið til Húsavíkur.

Þjálfarar í vetur eru: Guðrún Einarsdóttir, Hulda Grímsdóttir, Halldóra Björg Þorvaldsdóttir, Sigrún Lilja Sigurðardóttir, Emelíana Brynjólfssdóttir og Ruth Þórarinsdóttir. Eftir áramót fáum við Erlu Gunnlaugsdóttur til liðs við okkur en hún hefur æft og þjálfað fimleika á Egilsstöðum síðastliðin ár.

## Æfingaferð til Ollerup í Danmörku sumarið 2016

Næsta sumar mun hópur á vegum deildarinnar fara í þriðja sinn í æfingabúðir til Ollerup í Danmörku en einnig var farið þangað sumrin 2012 og 2014. Þar er íþróttaskóli með alls kyns námskeið allt árið. Í þeim skóla er fullkomin aðstaða til æfinga í fimleikum, sundi, klifri og "parkour" svo eitthvað sé nefnt. Þar sem aðstaðan hér heima er ekki alveg með besta móti er mikilvægt að fá tækifæri til að æfa við svo góðar aðstæður, það eflir áhugann og hefur án efa haldið elstu krökkunum lengur inni. Einn þátttakenda núna er að fara í þriðja skiptið og nokkrir að fara í sína aðra ferð en í hópnum sem fer verða iðkendur á aldrinum 10-16 ára. Ferðalög sem þessi kosta auðvitað töluvert og eru krakkarnir því í fjáröflun. Meðal þess sem þeir gera til að vinna sér inn aur er að selja jólapappír nú fyrir jólin og standa fyrir Jólaborpi Völsungs. Eftir áramót munu þau m.a. vera með kleinusölu, kökubasar, áheita- og fjölskyldudag í íþróttahöllinni svo eitthvað sé nefnt. Vonum við að bæjarbúar taki vel á móti þeim hér eftir sem hingað til en stuðningur hins almenna bæjarbúa við unga íþróttaiðkendur í bænum hefur verið ómetanlegur í gegnum tíðina.

## Samstarf við FIMAK

Við höfum náð samstarfi við FIMAK, Fimleikafélag Akureyrar, um að fá af og til gestaþjálfara og eins að fá að mæta á æfingar hjá þeim. Fyrsta æfingin var í október þegar þeir Stefán og James komu og voru með parkour- og fimleikaæfingu fyrir krakkana okkar sem voru virkilega ánægðir með þessa tilbreytingu. Seinni hluta nóvembermánaðar fá krakkarnir okkar svo tækifæri til að fara á æfingu inn á Akureyri og njóta þeirrar góðu aðstöðu sem félagið þar hefur upp á að bjóða.

## Jóla- og vorsýning

Fastir liðir í starfsemi fimleikadeildarinnar hafa verið sýningar fyrir jól og á vorin. Þá koma allir iðkendur fram og veita áhorfendum innsýn í það sem þeir hafa verið að gera yfir veturinn.

## Að lokum

Fimleikadeildin er nú á sínu 28. starfsári en gaman að geta þess að stofnandi hennar og lærimeistari, Guðrún Kristinsdóttir, er enn með puttana á púlsinum og situr ásamt undirritaðri, Írisi M. Waitz og Marzenu K. Cybulska í stjórn deildarinnar sem er ómetanlegt fyrir okkur foreldra sem að starfinu komum.

**Bestu jóla- og nýárskeðjur til lesenda nær og fjær**

**Fyrir hönd fimleikadeildar Völsungs, Kristjana Ríkey Magnúsdóttir**

# Álaborgarferð

Blakstelpur og handboltastrákar úr Völsungi voru fulltrúar Norðrþings á Álaborgarleikunum sem fram fóru um verslunarmannahelgina. Álaborg er vinabær Húsavíkur/Norðrþings og er öllum vinabæjum Álaborgar boðið að taka þátt. Í ár voru um 2000 keppendur á leikunum þar sem keppt var í 16 íþróttagreinum.

Ferðir sem þessar eru engar afslöppunarferðir. Vaknað var snemma og þétt dagskrá var alla dagana. Stelpurnar mættu firnasterkum blakliðum höfðu á að skipa landsliðsfólki innan sinna raða. Blaksérfræðingar okkar fullyrtu að liðin sem voru að keppa ættu fullt erindi í 1.deildarkeppni á Íslandi, þrátt fyrir að leikmenn hafi verið 16 ára og yngri. Leikur stúlknanna var þó sífellt vaxandi og má fullyrða það að þær eru reynslunni ríkari eftir þetta mátt.

Strákarnir stóðu fyrir sínu þrátt fyrir að vera að keppa á móti eldri leikmönnum. Leikir unnust og töpuðust á víxl og strákarnir geta gegnið stoltir frá sínu verki. Stranddagarnir svokölluðu stóðu uppúr. Þá voru strandútgáfur handbolta og blaks leiknar í sandinum. Völlur drengjanna var á floti eftir rigningu næturinnar en það það létu menn ekki stoppa sig og hikuðu menn ekki við að láta sig vaða í pollana ef að þar var það sem til þurfti. Á milli leikja dunduðu menn sér við mismunandi hluti, sumir horfðu á hitt kynið leika listir sínar á vellinum á meðan aðrir höfðu meiri áhuga á að moka skurði og veitur í sandinum, og veiða stöku orm. Mikil breidd í hópnum hvað þetta varðar.

Stelpurnar mættu í sandinn ásamt Svisslendingunum úr bænum Raperswil-Jona. Liðunum var blandað saman og var spilað létt æfingamót. Þetta litla æfingamót rammaði inn allt það sem að vinabæjarmót sem þetta á að standa fyrir. Léttleikinn var ofar öllu og aðalatriðið var að hafa gaman af augnablikinu og njóta þess að vera til.

Ferð sem þessi hefur margvíslegt gildi. Íþróttin, ferðalagið, hópeflið og útlönd eru allt þættir sem má nefna í því samhengi. Segja má að íþróttin í senn stærsti og um leið minnsti þátturinn í ferðinni. Íþróttin er það sem sameinar fólk frá ólíkum löndum og er ástæða ferðarinnar. Úrslitin og leikurinn sjálfur er þó eitthvað sem minna máli skiptir.

Kristján Þór Magnússon og Óli Halldórsson voru í opinberri heimsókn í Álaborg á meðan að leikunum stóð og voru þeir mjög duglegir að fara á milli íþróttavalla til að fylgjast með krökkunum okkar. Fararstjórar fyrir hönd Völsungs voru; Elísa Rún Jónsdóttir, Erla Bjarnadóttir, Gunnar Illugi Sigurðsson, Jóna Matthíasdóttir og Jóna Björg Pálmadóttir. Kjartan Páll Þórarinnsson, tómstunda- og æskulýðsfulltrúi var fararstjóri fyrir hönd Norðrþings.





KEA



KEA óskar félagsmönnum sem  
og samstarfsaðilum sínum

*gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári*

# Frjálssar íþróttir

Æfingabúðir voru á Þórshöfn í byrjun árs. Mætingin var góð en 43 einstaklingar tóku þátt og taldi Jón Benónýsson, Brói, sig ekki hafa haft svona marga á æfingu í 20 - 30 ár. En af hverju að halda svona æfingabúðir? Jú, það er nauðsynlegt að breyta til. Starfssvæði HSP er stórt og æfðar eru frjálssar íþróttir á þremur stöðum á svæðinu tvisvar sinnum í viku. Það er gaman fyrir krakkana að hittast og kynnast utan æfinga og keppni.

Níu keppendur fóru á stórmót ÍR í lok janúar. Ein nýjung var á þessu stórmóti en það var að veita viðurkenningu fyrir mestu bætingu í hverri grein í hverjum aldursflokki. Skemmtileg nýjung og þörf því auðvitað er alltaf markmiðið að bæta sinn eigin árangur. En eins og mótshaldarar sögðu:

*"Viðurkenningunni er ætlað að varpa ljósi á þá áherslu í frjálssíþróttastarfinu að persónulegar framfarir einstaklinga á öllum getustigum er eitt af höfuðmarkmiðum starfsins þar sem allir hafa hlutverk, enginn situr á varamennabekk og kynjamismunur fær ekki þrífist. Einnhugur er meðal sambandsaðila um að viðurkenning af þessum toga sé vel til fundin og að æskilegt sé að koma henni fyrir í mótahaldinu með formlegri hætti en tíðkast hefur á frjálssíþróttamótum almennt til þessa."*

Brói var mjög ánægður með árangur sinna keppenda enda oft erfitt fyrir keppendur að koma á stóran keppnisstað með topp aðstöðu þegar búið er að æfa í litlum sal við allt aðrar aðstæður. Okkar krakkar ná t.d. ekki að æfa 60 metra hlaup innanhús. Flestir ef ekki allir bættu sinn persónulega árangur í einni eða fleiri greinum og tveir verðlauna peningar komu í hús.

Marsmót var haldið í íþróttahúsinu á Laugum og var að venju fjölmennt en einnig fóru níu keppendur á Akureyramót UFA í lok apríl og náðu 16 verðlaunasætum. Við fengum Hafðísi Sigurðardóttur til að fara með okkur á Kópasker og vera með eina æfingu þar og tókst hún vel. Sumarleikar HSP fóru fram á Laugavelli 20. - 21. júní. Alls mættu 119 keppendur og þar af 27 keppendur frá HSP. Um 26 verðlaunasæti náðust hjá okkar fólki. Íslandsmeistaramót 11 - 14 ára fór fram á Selfossvelli dagana 27. - 28. júní. Þangað fóru átta keppendur. Fjórir verðlaunapeningar náðust og urðum við í 8. - 9. sæti af 16 liðum. Frjálssíþróttaskólinn var 20. júlí og mættu 16 krakkar. Á milli æfinga var farið í sund og svo var ýmislegt annað í boði í s.s. bocciakennsla, pílukastkennsla, bíó og pizzuhlaðborð.

29 keppendur voru í frjálssum íþróttum á unglíngalandsmóti á Akureyri. Í okkar hlut kom einn unglíngalandsmótsmeistari og fjórir verðlaunapeningar. Alls voru persónulegar bætingar hjá keppendum 17 talsins. Að auki áttum við tvær boðhlaupssveitir á palli. Meistaramót Íslands 15 - 22 ára fór fram á Sauðárkróksvelli í ágúst og fóru fimm keppendur. Náðu þau öll í stig og endaði HSP með samtals 28 stig og einn verðlaunapening.

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri var haldin á Laugum 23. ágúst. Alls mættu sex félög með átta lið. Keppendur HSP stóðu sig mjög vel og varð strákalið okkar í 3 sæti.

Þriðjudaginn 25. ágúst var uppskeruhátíð hjá okkur í frjálssum. Að þessu sinni var farið í Ásbyrgi. Í allt voru 70-80 manns. Viðurkenningu fengu þeir einstaklingar sem voru stigahæstir í árangri eftir þetta tímabil. Arna Dröfn Sigurðardóttir var stigahæst stúlkna með 935 stig fyrir langstökk og Páll Vilberg Róbertsson var stigahæstur drengja með slétt 1000 stig fyrir spjótkast.

**Fyrir hönd frjálssíþróttaráðs HSP, Hulda Skarphéðinsdóttir**



Óskum viðskiptavinum  
og samstarfsaðilum okkar

*gledilegra jóla*

og farsældar á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin.

**KEA**



**GOÐI**

**NORÐLENSKA**

# Tímavélin....Myndir frá fyrri tíð








Völsungsvörurnar frá JAKO  
fást í Skóbúð Húsavíkur

Heimabakarí  
óskar  
Völsungum  
sem og öðrum  
Þingeyingum  
gleðilegra jóla



# JÓLAKVEÐJA HÚSASMÍÐJAN í heimabyggð

Vallholtsvegi 8 Húsavík 525 3950



HÚSASMÍÐJAN



# Jólakvæðja

*Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í  
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum  
og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum  
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.*

*Framsýn-stéttarfélag  
Starfsmannafélag Húsavíkur  
Verkalýðsfélag Þórshafnar  
Þingiðn*

Sveitarfélagið Norðurþing óskar Völsungum  
og landsmönnum öllum  
bjartrar framtíðar,  
gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnum árum.



**NORÐURÞING**

# Sund

Sundárið byrjaði með hefðbundnu sniði, æfingar eru í boði bæði á Laugum og Húsavík tvisvar í viku, á Húsavík æfa 37 börn og á Laugum æfa 20 börn.

Í mars héldum við æfingabúðir á Laugum og páskamót í kjölfarið, þar sem veitt voru verðlaun og allir þátttakendur fengu páskaegg með sér heim. Í maí fór 12 manna hópur á Ránarmótið á Dalvík, þar stóðu allir sig vel og lenti Sif Heiðarsdóttir og Dagbjört Lilja Daniélsdóttir báðar á verðlaunapalli.

Í júní buðum við upp á leikskólasund eins og við höfðum gert árið áður og tóku 70 börn þátt í því.

17 júní var okkar hefðbunda sundmót og grillveisla.

Um verslunarmannahelgina fór einn þáttakandi á Unglingalandsmótið á Akureyri, Dagbjört Lilja Daniélsdóttir og gekk henni mjög vel.

Haustið byrjaði mjög vel og var mikil aukning í sundinu, æfingabúðir voru haldnar á Laugum 25. – 26. september og mættu þangað 42 börn, héraðsmótið okkar var haldið föstudaginn 2. október þar tóku 35 börn þátt. Keppendur komu frá Völsungi, Eflingu, Geisla og Bjarma og stóðu krakkarnir sig frábærlega vel, Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Valdís Jósefsdóttir frá Völsungi en í karlaflokki náði enginn keppandi að uppfylla þau skilyrði sem þarf til að vinna bikarinn. Sif Heiðarsdóttir var valin sundmaður Völsungs í floknum 16 ára og yngri fyrir árið 2014, einnig var Sif valin sundmaður HSP fyrir árið 2014.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið var haldin á Húsavík 5. nóvember, þar mættu um 100 manns, foreldrar og börn, borðuðu saman pizzu og skemmtu sér ásamt þjálfurum sínum, og Inga Þór Ágústssyni sundþjálfara hjá Fjölni sem heimsótti okkur og hélt sundæfingu á Húsavík og veitti verðlaun fyrir héraðsmótið. Í ár fengum við nýja farandsbikara fyrir stigahæstu einstaklingana í karla- og kvennaflokki, einnig fengum við nýjan bikar fyrir stigahæsta sundfélagið og gaf Framsýn stéttarfélag okkur þann bikar og kom Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar til okkar og afhenti bikarinn, þökkum við Framsýn kærlega fyrir.



Þjálfarar eru Valgerður Jósefsdóttir, Emilía Eir Karlsdóttir, Árný Björnsdóttir, Berglind Ólafsdóttir, Davíð Friðriksson og Emilía Guðrún Brynjarsdóttir.

Í stjórn sunddeildarinnar eru: Árný Björnsdóttir, Elísabet Sigurðardóttir, Valgerður Jósefsdóttir og Margrét Þórhallsdóttir. Tengiliður í sveitinni er Járnbrá Björg Jónsdóttir.

Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum Þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuriks komandi árs.

**Fyrir hönd sunddeildar Völsungs  
og sundnefndar HSP  
Elísabet Sigurðardóttir.**

Óskum Völsungum  
og Húsvíkingum öllum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári  
með þökk fyrir árið sem er að líða



Trésmiðjan Rein ehf

# ÍPRÓTTASKÓLI VÖLSUNGS

Íþróttaskólinn er starfræktur með sama sniði og síðasta vetur, þ.e.a.s. þá er börnunum skipt í tvo aldurshópa, yngri og eldri. Í haust eru 60 börn skráð og er það alveg frábært. Höfum við haft okkur til aðstoðar í vetur unglinga sem eru á afreksbraut í FSH sem er frábært fyrir okkur og um leið lærdómsríkt fyrir þau.

Við höfum reynt að virkja foreldra til þátttöku, enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra. Það er ávallt mikið fjör á laugardögum í íþróttahúsinu þegar börnin



mæta á svæðið, fá að hreyfa sig í þessu stóra rými sem í boði er. Þau fá að spreyta sig á ýmsum æfingum og þrautum sem alltaf virðast vekja mikinn áhuga og ánægju hjá þeim og ávallt eru börnin jafn þakklát þegar tíminn er búinn. Það eru alltaf mörg brosandí andlit sem mæta okkur á laugardagsmorgnum og vonum við að svo verði áfram þegar Íþróttaskólinn hefst að nýju eftir jólafrí, sem verður ekki fyrr en 23.janúar.

**Jólakveðja Unnar Þór og Áslaug**

## Körfubolti

Það eru rúmlega þrjátíu börn að æfa körfu og er þeim skipt niður í 3 aldurshópa: stúlkur í 5. 6. 7. og 8. bekk, drengir í 4. 5. og 6. bekk og svo eru það drengir í 7. og 8. bekk. Allir hóparnir æfa út af fyrir sig einu sinni í viku, en svo er ein sameiginleg æfing á laugardögum, fær því hvert barn tvær æfingar í viku. Krakkarnir hafa verið að mæta vel á æfingar bæði síðasta vor og svo núna í haust og hafa þau tekið miklum framförum. Því miður gátum við ekki boðið öllum aldurshópum upp á æfingar þar sem tíminn í Höllinni er af skornum skammti, sem og tími þjálfarans, og er það von mín að við hjá Völsungi getum boðið fleiri aldurshópum að æfa í framtíðinni, því mikilvægt er að fá þau örlítið yngri inn en eins og aðstaðan okkar er í dag gengur það ekki upp. Næsta skref hjá okkur er reyna að komast á eitthvert mót eða allavega fá æfingaleiki við annað lið (mikil pressa frá krökkunum). Vona ég svo sannarlega að öll þessi börn haldi áfram að æfa og jafnvel að þeim fjölgi og að við gerum körfuboltann virkari innan Völsungs.



**Jólakveðja Áslaug Guðmundsdóttir**

Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**NORÐURVÍK**  
HÖFÐA - HÚSAVÍK  
SÍMÍ 464 1879 • ÖSM 898 8279

Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**EHF.**

Starfsfólk ÍSNET  
óskar öllum gleðilegra  
jóna og farsældar  
á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**ÍSFELL**  
www.isfell.is

Óskum öllum  
Völsungum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári.  
Þökkum  
samskiptin  
á liðnu ári.



**olis**

Gleðileg jól,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



**pwc**

Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



*Fiskeldið á Haukamýri ehf*

# Blak

Starfsemi blakdeildar Völsungs gengur vel og jafn og góður hópur fólks æfir þessa skemmtilegu íþrótt. Síðasta vetur stunduðu um fimmtíu manns blak í flokki fullorðinna og tuttugu krakkar æfðu krakkablak. Þjálfarar síðasta vetur voru Bjarni Páll Vilhjálmsson og Jóhanna Guðjónsdóttir. Krakkablakinu sinntu Dagbjört Erla Gunnarsdóttir, Erla Bjarnadóttir, Jóna Matthíasdóttir og Lúðvík Kristinsson.



Hraðmót voru haldin á Norðurlandi þar sem við tókum þátt í auk þess sem Völsungur stóð fyrir sínu árlega nýársmóti fyrstu helgi janúar mánaðar með þátttöku 36 liða.

Öldungamót BLÍ þetta árið var í umsjón Blakdeildar Þróttar Nes á Neskaupsstað 30. apríl – 2. maí. Var blakdeildin þar búin að gera miklar ráðstafanir til þess að geta haldið mótið á Neskaupsstað. Því öldungamótin eru orðin það stór í dag að minni íþróttafélög og sveitafélög hafa ekki aðstöðu til að taka á móti hátt í 1000 manns. En þau fóru í það verkefni að kaupa uppblásin tjöld sem rúma einn til tvo blakvelli og með því áttu öll liðin að geta spilað á Neskaupsstað. En þó svo að vorið hafi nú verið í nánd og allir haldið að þetta væri svo sniðugt að jafnvel ættu fleiri blakdeildir að skoða þennan möguleika, þá var raunin ekki sú. Mikil snjócoma og rok gerðu þennan möguleika ógerlegan og urðu Þróttarar að henda fram plani B sem var að blása tvo tjöld upp í höllinni á Reyðarfirði, ásamt því að spila einnig á Fráskrúðsfirði. Eitt af okkar liðum lenti einmitt í því að spila alla sína leiki á Fáskrúðsfirði og var það allgóð keyrsla í misjöfnu færri sem það lið lenti í. En allar þessar minningar eru góðar og gaman að rifja þær upp reglulega. Völsungur fór með sex lið. Eitt karlalið sem spilaði í 2. deild og fimm kvennalið sem spiluðu í deildum 1, 2, 5, 8 og 12. Þrjú liðanna okkar fóru á verðlaunapall, A liðið varð í þriðja sæti í 1. deild, C liðið vann sína deild og spila því í 4. deild næsta vor og D liðið varð í öðru sæti og fer því líka upp um deild og spila í 7. deild í næsta vor.

Starf blakdeildar fór af stað í haust. Nokkrir verma sjúkralistann og munu því ekki vera klárir fyrr en eftir áramót en í heild eru um fimmtíu aðilar skráðir á æfingalista. Farið verður á hraðmót í vetur ásamt því sem nokkrar tóku sig til og skráðu sig til leiks í Bikarkeppni kvenna hjá BLÍ. Jöfn og góð mæting er á æfingar en æft er þrisvar í viku.

Krakkablaðið er mjög öflugt, við erum með blandaðan hóp af strákum og stelpum sem æfa í 4. og 5. flokki. 10 stelpur hafa verið að æfa undanfarnin ár, þær eru komnar í þriðja flokk sem þýðir það að nú eru þær komnar úr krakkablaði og æfa og spila á löglegum blakvelli. Byrjendur mæta svo einu sinni í viku. Mikil aðsókn er í krakkablaðið og má segja að plássíð sé nánast að verða of lítið.

4. og 5. flokkur tók þátt í móti á Akureyri 10. - 11. október og stóðu þau sig mjög vel þar.

Í sumar fóru blakstelpur fæddar 2001-2002 til Álaborgar og tóku þátt í Álaborgarleikunum. Keppendur auk okkar voru frá Vilinius í Lettlandi, Rappersvil-Jona frá Sviss og Innsbruck frá Austurríki. Það var ljóst frá fyrstu stundu að við vorum að mæta ofjörlum okkar, flest allar stúlkurnar á elsta ári með mikla keppnisreynslu og myndu liðin sóma sér vel í 1. deild hér heima á Íslandi. Við ákváðum að

hafa gaman og það gerðu stúlkurnar svo sannarlega og létu það ekkert á sig fá þó stigaskorið væri ekki hátt.

Þjálfarar í öldunablakinu eru: Ágústa Tryggvadóttir, Jóhanna Guðjónsdóttir, Bjarni Páll Vilhjálmsson og Valgeir Páll Guðmundsson. 3. flokkur: Erla Bjarnadóttir og Jóna Matthíasdóttir.

Krakkablaðið: Dagbjört Erla Gunnarsdóttir, Guðrún Eiríksdóttir, Katrín Guðmundsdóttir og Lúðvík Kristinsson.

Stjórn blakdeildar: Bjarni Páll Vilhjálmsson formaður og meðstjórnendur eru: Erla Bjarnadóttir, Erla Dögg Ásgeirsdóttir, Jóna Björk Gunnarsdóttir, Kristjana Ríkey Magnúsdóttir og Elín Guðmundsdóttir gjaldkeri.

**Við sendum Völsungum og öðrum Þingeyingum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur.**

Gleðileg jól  
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!

**VÍKURRAF EHF**  
RAFVERKTAÐAR - VERSLUN - HÚSAVÍK  
SÍMAR 464-1600 - 863-3900 - WWW.VIKURRAF.IS

Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



**SJÓVÁ**



VIÐ VITUM HVAÐ  
**GLEÐILEG JÓL**  
SKIPTA MIKLU MÁLI

**HÁTÍÐ LJÓSS OG FRIDAR**

VÍS óskar landsmönnum gleðilegra jóla og heillaríks komandi árs.

**vís**

# Meistaraflokkar í knattspyrnu

## Meistaraflokkur Karla 2015

Knattspyrnuárið 2015 fór ágætlega af stað. Reyndar létu hagstæð úrslit hjá liðinu á sér standa í Kjarnfæðismótinu en liðið spilaði vel. Í Lengjubikarnum sem fylgdi í kjölfarið komst liðið í undanúrslit en töpuðu 2-1 fyrir Sindra. Töluverðrar bjartsýni gætti því hjá knattspyrnuáhugamönnum þegar bikar- og Íslandsmót hófst. Strákarnir komust áfram í 32-liða úrslit í bikarnum eftir baráttusigur í framlengdum leik gegn liði Magna. Staðan var 1-1 eftir venjulegan leiktíma en leikurinn endaði 13-12 eftir lengstu vítaspyrnukeppni sem fram hefur farið á Húsavíkurvelli. Strákarnir fengu svo það spennandi verkefni að glíma við 1. deildarlið Grindavíkur í næstu umferð sem kom í heimsókn á Húsavíkurvöll. Áttu okkar strákar ágætis leik. Lyktaði leiknum með 4-3 sigri Grindvíkinga.



Markmið sumarsins voru skýr það var að koma liðinu upp í 2. deild og ekkert annað kom til greina. Strákarnir byrjuðu Íslandsmótið vel með 3-1 sigri í útileik á móti Reyni Sandgerði. Eftir fyrri umferð Íslandsmótsins var liðið með 13 stig og um miðja deild sem var ekki sá staður sem við ætluðum okkur að vera á. Eitthvað var það þó sem gerði það að verkum að okkar menn sýndu af sjaldan sínar bestu hliðar og niðurstaðan að þessu sinni að vera um miðja deild. Strákarnir voru þrátt fyrir það staðráðnir í að gera betur og ná settum markmiðum. Liðið byrjaði að safna stigum og koma sér í toppbaráttuna. Liðið endaði sumarið virkilega vel, náðu í 28 stig af 33 mögulegum í síðustu 11 leikjum og tryggði sér 2. sætið í 3. deild og þar með farseðilinn í 2. deild að ári.

Á knattspyrnuárinu léku strákarnir 27 KSÍ leiki. Af þessum 27 leikjum voru 17 sigrar, 3 jafntefli og 7 tapleikir. Liðið lék virkilega skemmtilegan fótbolta á stórum köflum í sumar, þar sem blásið var til sóknar og var árangurinn svo sannarlega eftir því.

Lokahófið var haldið með hefðbundnum hætti. Góður matur var framreiddur ásamt því sem dagskráin var með hefðbundnu sniði. Hófið náði hámarki sínu þegar leikmenn voru verðlaunaðir fyrir sumarið. Besti leikmaður sumarsins var valinn Jóhann Þórhallsson sem var markahæsti leikmaður 3. deildar karla, skoraði 18 mörk í 17 leikjum. Efnilegasti leikmaðurinn var valinn Elvar Baldvinsson sem sýndi í sumar að hann er að verða einn að lykilmönnum liðsins. Leikmaður ársins var valinn af meistaraflokksráði Bergur Jónmundsson. Í leikjum í sumar voru notaðir tuttugu og einn leikmaður, þar af eru 18 leikmenn sem eru uppaldir hjá Völsungi. Hægt er að fullyrða að ekkert lið sem spilar í deildarkeppni á Íslandi getur státað sig af því að byggja lið sitt upp af svo mörgum heimamönnum. Þar sem við komum til að spila, spyrja menn hvernig við förum að því að geta byggt lið okkar á svo mörgum heimamönnum. Það hefur styrkt okkar stöðu að hafa fengið nýjan gervigrasvöll, til að hægt sé að byggja liðið á heimamönnum. Á síðustu árum höfum við verið að missa frá okkur leikmenn m.a. vegna aðstöðuleysis. Páll Viðar Gíslason tók vöð þjálfun meistaraflokks karla af Ragnari Hauksyni sem lét störfum af persónulegum ástæðum. Páll Viðar hefur undanfarinn fjögur ár þjálfað Þór á Akureyri. Þá var Boban Jovic ráðinn aðstoðarþjálfari. Í meistaraflokksráði karla eru: Sigurgeir Stefánsson, Júlíus Bessason, Haukur Eidsón og Kristjana Lilja Einarsdóttir. Viljum við hvetja alla þá sem hafa áhuga að starfa fyrir meistaraflokk karla að gefa sig fram við meistaraflokksráð. Það er alltaf heitt á könnunni í vallarhúsi meðan á æfingu stendur. Við viljum þakka öllum fyrirtækjum, einstaklingum og stuðningsmönnum fyrir stuðninginn á árinu. Einnig óskum við strákunum til hamingju með frábæran árangur og velgengi í baráttunni á næstkomandi tímabili í 2. deildinni.

**Meistaraflokksráð karla óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári  
Fh meistaraflokksráðs karla, Sigurgeir Stefánsson**

## Meistaraflokkur kvenna 2015

Óhætt er að segja að árið 2015 hafi verið gott hjá meistaraflokki kvenna. Þær komust í undanúrslit í Lengjubikarnum, unnu sinn riðil í 1. deild, sannfærandi og fóru í úrslitakeppni um að komast upp í úrvalsdeild.

En fyrir tímabilið leit þetta ekki vel út. Stelpurnar voru fáar og vangaveltur voru um hvort hægt væri yfir höfuð að hafa meistaraflokk. Það var ekki inn í myndinni að gefast auðveldlega upp og smá saman fór hópurinn að stækka. Hópurinn í sumar samanstóð svo af 17 flottum stelpum. Flestar heimamenn en einnig komu stelpur frá Akureyri sem tengdust allar félaginu á einn eða annan hátt.

Strax í fyrstu leikjum vorsins kom í ljós að þetta var sterkur hópur. Keppni hófst í Lengjubikarnum og unnust allir leikirnir þar nokkuð sannfærandi. Í undanúrslitum lengjubikarsins töpuðu þær svo grátlega fyrir Fjölni í vítaspyrnukeppni.

Í bikarkeppninni komust þær í þriðju umferð þar sem þær töpuðu fyrir Selfossi. Selfoss tefldi fram mjög sterku liði í úrvalsdeildinni í sumar og fóru m.a. í bikarúrslitaleikinn. Í Íslandsmótinu fóru þær taplausar í gegnum riðlakeppni 1. deildar. Í úrslitunum mættu þær svo sterku liði FH en þær viðureignir töpuðust. Í þessum leikjum var farið að kvarnast verulega úr hópnum, meiðsli, einhverjar farnar út í nám, óléttu og fleira. Það hefði verið virkilega gaman að geta mætt í þessa úrslitakeppni með sterkasta liðið. Þær stelpur sem tóku sæti í liðinu eiga hins vegar hrós skilið fyrir þeirra framlag.

Eftir tímabilið lét þjálfari liðsins, Róbert Ragnar Skarphéðinsson, af störfum. Við þökkum honum kærlega fyrir allt sem hann hefur lagt af mörkum til kvinnaknattspyrnu á Húsavík. Eftir tímabilið stöndum við enn frammi fyrir því að vera með fámennan hóp. Auðvitað er erfitt að þurfa standa í þessu ár eftir ár. En við vitum að í yngri flokkunum eru verðandi framtíðarleikmenn meistaraflokks og það hvetur okkur áfram. Nú er verið að vinna í bæði leikmannamálum og þjálfaramálum og er það von okkar að við verðum með flottan hóp þegar flautað verður til leiks árið 2016. Að lokum þökkum við öllum meistaraflokksstelpunum fyrir þeirra framlag.



Ómældur tími fer í æfingar, keppni og ferðalög oft á kostnað einhvers annars. En þessi tími er einnig dýrmætur því það er þarna sem góður vinskapur og frábærar minningar verða til. Áfram stelpur í fótbolta og takk fyrir gott fótboltaár 2015.



**HAFRÚN OLGEIRSDÓTTIR VAR VALIN BESTI LEIKMADURINN OG DAGBJÖRT INGVARSDÓTTIR EFNILEGASTI LEIKMADURINN, SUMARIÐ 2015.**

**Meistaraflokksráð kvenna; Sóley Sigurðardóttir, Ingvar Berg Dagbjartsson, Áslaug Guðmundsdóttir, Unnur Mjöll Hafliðadóttir, Hjörvar Gunnarsson**



# GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Við óskum landsmönnum  
öllum gleðilegra jóla og  
gæfuríks komandi árs.



# Sumarskóli Völsungs

Sumarskóli Völsungs var, eins og síðasta sumar í 6 vikur. Sumarskólinn hófst mánudaginn 15. júní og hófst síðasta vikan mánudaginn fyrir Mærudaginn. Skólinn var ætlaður börnum fæddum á árinu 2004-2009 og var hægt að skrá börn í stakar vikur og eins og á síðasta ári, sem reyndist vel. Skráning í sumarskólann var mjög góð og voru mest 37 börn í einni viku.

Umsjónarmaður sumarskólans var Ísak Már Aðalsteinsson og honum til aðstoðar voru Anna Karen Jónsdóttir, Árdís Rún Þránsdóttir, Bergdís Björk Jóhannsdóttir, Björn Elí Viðisson, Bryndís Edda Benediksdóttir og Guðrún María Guðnadóttir. Vil ég þakka þeim kærlega fyrir samstarfið og aðstoð við að gera sumarskólann eins og hann var, frábæran.

Í sumarskólanum var farið í vettvangsferðir til björgunarsveitarinnar, slökkviliðsins, farið á hestbak í reiðhöllinni, Könnunarsögusafnið, minjasafnið heimsótt og farið í hláturjoga svo fátt eitt sé nefnt. Viljum við þakka þeim aðilum og fyrirtækjum sem tóku á móti okkur kærlega fyrir.



Veðrið setti strik í reikninginn í sumar og voru þó nokkrir dagar þar sem þurfti að færa dagskrána inn í Íþróttahöll. Þar var þó nóg um að vera og börnin skemmtu sér vel í þau skipti sem farið var inn.

Síðasta daginn í sumarskólanum var haldið lokahóf í íþróttahöllinni með hoppukastala, leikjum og grilluðum pylsum og var það góður endir á sumarskólanum sumarið 2015. Við viljum þakka þeim börnum sem komu í sumarskólann kærlega fyrir komuna og vona að þau láti sjá sig á næsta ári aftur.

Myndavélin var tekin með þegar farið var í ferðir og er hægt að nálgast myndir úr sumarskólanum á fésbókarsíðu Völsungs.

**Jóla**keðja,  
**Ísak Már Aðalsteinsson**  
Umsjónarmaður sumarskóla Völsungs

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Óskum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökkum fyrir viðskiptin á árinu.



Bókaverslun  
Pórarins



Óskum Húsvíkingum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



## Jóla

*Reykfiskur ehf. Húsavík óskar starfsfólki sínu og fjölskyldum þeirra, sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum samskiptin á liðnu ári.*

*Reykfiskur ehf.*

*Húsavík.*



# Handbolti

Í handknattleiksráði Völsungs eru núna tvær starfandi konur en vorum við þrjár í fyrrahaust sem byrjuðu að vinna með Páli Kristjánssyni sem hefur verið undanfarin ár einn að vinna í þessu ráði og viljum við þakka honum kærlega fyrir vel unnin störf.

Þær sem tóku við eru Harpa Steingrimsdóttir, Margrét Magnúsdóttir og Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir og hefur ein okkar tekið tímabundið frí frá þessu.

Þessi vinna er ekki alltaf einföld, erfitt hefur verið undanfarin ár að fá þjálfara fyrir alla flokkana, einnig er erfitt að fá börnin til að æfa og þá sérstaklega stelpurnar og teljum við að það sé vegna þess að það eru margar greinar að velja úr og svo fer börnunum okkar fækkandi.

Mikilvægt er fyrir þessa deild og einnig fyrir bæjarfélagið að Húsavíkurmótið haldist hjá okkur því það er alls ekki sjálgefið að okkar litla bæjarfélag haldi svona stórt mót, þess vegna verðum við að halda 6. flokki kvenna starfandi annars eignum við í hættu að missa mótið.



Í vetur mun 4. flokkur drengja taka þátt í deildarkeppni og mun þurfa að ferðast til Reykjavíkur nokkrar helgar í vetur ásamt 5. flokki drengja sem mun taka þátt í helgarmótum og áætlunin er að sameina þessa flokka í ferðirnar.

Þjálfarar í vetur eru Gunnar Illugi Sigurðsson með 4 flokk karla, honum til aðstoðar er Viljálmur Sigmundsson. Halldór Árni Þorgrímsson og Óskar Páll Davíðsson eru með 5./6. flokk karla. Guðmundur Friðbjarnason er með yngstu börnin, 7. og 8. flokk og honum til aðstoðar eru Elmar Örn Guðmundsson og Björn Elí Víðisson. Heiða Elín Aðalsteinsdóttir er með 6. flokk kvenna og vinnur hún hörðum höndum við að fá stelpurnar til að æfa en það gengur ekki nógu vel. Ég vil því hvetja stelpurnar sem eru núna í 6. flokki að halda áfram að æfa og reyna að fá fleiri inn því eins og með hina flokkana þá eru mót fyrir þennan flokk líka ef við fáum nógu margar inn.

Það er ekkert sem ætti að standa í vegi fyrir okkur að efla handboltann hérna á Húsavík fyrir bæði kyn en viljinn þarf að vera fyrir hendi. Við í handknattleiksráði erum sannfærð um að við getum alveg gefið frá okkur framúrskarandi handboltafólk, við gerðum það áður fyrr og af hverju ekki núna. Við í handknattleiksráði óskum ykkur lesendur góðir gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

## Jólaþveðja

### Fyrir hönd handknattleiksdeildar, Harpa Steingrimsdóttir

## Húsavíkurmót í handbolta 2015

Húsavíkurmótið í handbolta var haldið helgina 24. – 26 apríl fyrir 6. flokk stúlkna, eldra ár. Líkt og undanfarin ár var þetta síðasta mót til Íslandsmeistararitils í flokknum. Keppendur voru liðlega 170 talsins frá 11 félögum og voru leiknir 46 leikir í heildina. Mótið var hið skemmtilegasta og á endanum voru það Haukar sem stóðu uppi sem Íslandsmeistarar eftir hörkuspennandi úrslitaleik við Gróttu.

Mótið var vel heppnað og gekk að öllu leyti mjög vel. Þátttakendur ásamt fylgdarliði voru sínum liðum til mikils sóma. Að móti loknu fór fram kvöldvaka sem mældist virkilega vel meðal keppanda og foreldra.

Mikil skipulagsvinna er á bakvið mót að þessari stærðargráðu og er stuðningur sjálfbodaliða og fyrirtækja í bænum ómetanlegur. Án þeirra væri ógjörningur að halda mótið. Ég vil því nota tækifærið og þakka öllum stuðningsaðilum og sjálfbodaliðum sem komu að mótinu fyrir aðstoðina.

### Jólaþveðja, Jónas Halldór Friðriksson, mótstjóri Húsavíkurmótsins í handbolta 2015

## 7.-8. flokkur og 6. flokkur kvenna



Starfið fór rólega af stað hjá yngstu iðkendum í handboltanum. 7. - 8. flokkur var að æfa undir stjórn Jóns Áspórs og Óskars Páls. Framan af vetri voru frekar fáir iðkendur. Miklar framfarir urðu þó hjá þeim sem voru hvað duglegastir að mæta. Seinni hluta vetrar voru æfingarnar síðan sameinaðar með 6. flokki kvenna og gekk það starf mjög vel. Kiddý Hörn sá um að þjálfa 6. flokk kvenna og var stefnan sett á að taka þátt í hinu árlega Húsavíkurmóti í handbolta. Stúlknaþópurinn var heldur fámennur eða um átta talsins, því var góð viðbót að fá 7. - 8. flokk á æfingar á sama tíma og þannig var hægt að vinna betur úr hverri æfingu og spila saman. Stúlkunum gekk ágætlega á mótinu og áttu skemmtilega helgi saman sem var fyrir öllu. Miklar framfarir urðu yfir veturinn og má þess geta að allar voru þær að stíga sín fyrstu skref í handbolta. Ég vil þakka minum iðkendum kærlega fyrir skemmtilegan vetur og hlakka til að sjá þau vaxa og dafna í handboltanum á komandi árum.

### Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Jólaþveðja Kiddý Hörn

## 5.flokkur-karla

Sextán strákar voru í 5. flokki í vetur og hlutfallið af eldra og yngra ári var nokkuð jafnt. Eitt lið var skráð til keppni í Íslandsmóti og voru farnar tvær ferðir suður til Reykjavíkur, ein fyrir og ein eftir áramót. Í raun hefðu ferðirnar orðið þrjár ef veðrið hefði ekki leikið á okkur. Við fengum einnig heimsókn frá vinum okkar í Þór frá Akureyri þar sem við tókum saman æfingu, spiluðum leik og enduðum á pizzahlaðborði á Sölku. Æfingar voru stundaðar af kappi fram í maí en þá var tekið u.þ.b mánaðar frí. Í júlí var svo strákunum sýndur sá mikli heiður að taka þátt í Álaborgarleikunum en Norðurþing hefur sent á fjöggra ára fresti iðkendur í einhverri grein eða greinum til að taka þátt í ungmennaleikum sem fram fara í Álaborg í Danmörku. Í þetta skiptið fóru 16 handboltastrákar ásamt 12 blakstelpum, þjálfurum og fararstjórum. Óhætt er að segja að ferðin hafi verið algjörlega frábær og þegar fram í sækir eru það oftast minningar tengdar ferðum sem þessari sem standa hæðst og lifa lengst, ekki endilega hvernig þessi eða hinn leikurinn hafi farið heldur meira allt hitt. Semsagt frábær endir á skemmtilegum vetri.

### Gleðileg jól, Gunnar Illugi Sigurðsson, þjálfari

## 4.flokkur karla

Síðastliðið haust var lagt af stað með miklar væntingar um komandi handbolta vetur. Nýr þjálfari var kynntur til sögunnar, Kári Marís sem er margreyndur handboltamaður bæði hérlendis og erlendis og ég var fenginn til að vera honum til aðstoðar. Í upphafi móts var útlitið mjög gott, flottur hópur og spennandi mót með sjö liðum af öllu landinu, Akureyri, Reykjavík, Ísafirði og Vestmannaeyjum auk okkar. Hinsvegar var mótið ekki hafið þegar fyrsta liðið fékk að færa sig um deild.

Fyrsti leikur okkar var við KA hér heima og vannst hann með einu marki. Á sama tíma komu fréttir um að annað lið hefði dregið sig úr deildinni. En við höldum áfram og brunuðum suður í Landeyjarhöfn. Þegar þangað var komið var ófært til Eyja og fórum við upp á Hellu í gistingu.

Daginn eftir var svo orðið fært og tveir leikir framundan í eyjum. Í Vestmannaeyjum tók 900grill á móti okkur og sá um að strákarnir væru ekki svangir og það var alveg frábært í alla staði, takk fyrir það Hólmgeir og Co.

Leikirnir tveir töpuðust en við vorum vissir um að við gætum gert betur en þetta.

En mótið var enn að breytast og þriðja liðið hætti við þátttöku í deildinni og mótið að verða algjört rugl. Þegar þarna var komið var ekkert lið eftir á höfuðborgarsvæðinu.

Við Völsungar gefumst ekki upp og kláruðum mótið með stæl með þriggja daga ferð á Ísafjörð þar sem leiknir voru tveir leikir sem unnust báðir og mikið ævintýri fyrir strákana.

### Fyrir hönd okkar þjálfara Viljálmur Sigmundsson

# Boccia

## Starf Boccideildar

### á liðnu starfsári 2015.

Nú er senn lokið einu starfsárinu enn hjá Boccideild Völsungs, eða því 26. frá stofnun, og því við hæfi að rifja upp það helsta úr starfi deildarinnar á liðnu ári. Stjórn er óbreytt eins og liðin ár, en nýtt fólk hefur komið til liðs við deildina bæði sem iðkendur og leiðbeindur.

Æfingar og þjálfun eru með hefðbundnu sniði. Iðkendum hefur fjölgað all nokkuð, verulega í hópi eldri borgara, einnig í hópi fatlaðra og vel gengur með „krakka hópin“ hjá fötluðum. Æfingar hjá fötluðum er tvisvar í viku og er mæting góð og æft í stóra salnum, eldri borgarar eru með tíma fjóra daga í viku eftir hádegi í litla salnum í Íþróttahöllinni. Aðalþjálfari er áfram

Anna María Þórðardóttir, en nýir liðsmenn hafa bæst við í þjálfarateimið þær Lilja Hrund Másdóttir og Edda Lóa Philips og eins og áður hlaupa aðrir stjórnarmenn í skarðið eftir þörfum.

Mót og viðburðir nokkuð hefðbundið og deildin sendir keppendur á öll helstu mót sem voru í boði og haldin eru á vegum ÍF.

Fyrsta mót ársins var að venju Opna Húsavíkurmótið í Boccia sem var hið 26 frá upphafi og orðinn er fastur liður í starfi Boccideildar Völsungs með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda, sem annast alla dómgæslu, merkingu valla, og kemur að öllum undirbúningi mótsins. Mótinu stýrðu Anna María Þórðardóttir og Kristín Magnúsdóttir úr stjórn Boccideildar, en Arnar Braga annaðist alla tölvuvinnslu við mótsstjórn. Mótið tókst í alla staði afar vel, góð þátttaka eða í allt mættu til leiks 35 sveitir sem sýnir enn einu sinni að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á Boccideildinni með þátttöku. Þá er þetta í annað sinn sem kept er í krakkaflokki fatlaðra og tókst það með ágætum. Fengu þau öll verðlaunapeninga frá Kiwanisklúbbum. Það er Anna María sem þjálfar krakkana með dyggri aðstoð Jónu Rún. Húsavíkurmeistararnir í Bocci 2015 urðu Lyngbrekkusystkinin, Lena Kristín og Jón Aðalsteinn og hlutu að launum farandbikar sem gefin var af Norðlenska ehf og keppt var um í fimmta sinn. Glæsilegt mót með um 75 keppendur og gestir í íþróttahöllinni þegar mest var nokkuð á annað hundraðið, frábær og skemmtilegur dagur. Takk fyrir húsvíkingar og aðrir gestir, sjáumst hress að ári á næsta „Opna Húsavíkurmóti í Boccia“ sem haldið verður 14. febrúar.

Þá var mætt frá Boccideild ÍFV á öll önnur bocciamót á vegum ÍF og víðar s.s. íslandsmót í liðakeppni í apríl sem haldið var að þessu sinni í Hafnarfirði, þá var farið á árlegt Hængsmót á Akureyri um mánaðarmótin apríl-maí. Á báðum þessum mótum var mætt með 5 lið og var árangur vel viðunandi þó ekki tækist að landa verðlaunum eða íslandameistara titli.

Á árinu var Anna María Þórðardóttir kjörin í boccianefnd ÍF og valin sem þjálfari íslenska bocchiahópsins sem fór á Special Olympics í Los Angeles s.l. sumar.

Starfið í haust hófst svo með æfingum strax í byrjun september og 9 – 11. október var farið á íslandsmótið í einstaklingskeppni sem haldið var í Laugardagshöll. Mótshaldari var Íþróttafélagið Ösp í Reykjavík. Dagur varð í 2. sæti í 5. deild og Lena Kristín náði bronsi í 3. deild. Glæsileg og skemmtileg ferð hjá keppendum og fararstjórum Boccideildar ÍFV.

Þá var það Norðurlandsmótið sem að þessu sinni var haldið á Siglufirði 24. okt. og átti Völsungur hvorki meira né minna en sjö lið í almennum fötluarflokkum og þrjú lið í opnum flokki 60+, en keppt var í tveggja manna liðum.

Fjáröflun Boccideildar ÍFV er með svipuðu sniði og undanfarin ár þ.e. með sölu jólakorta ÍF og hangikjöts frá Norðlenska. Þá er það árleg firmakeppni deildarinnar á Opna Húsavíkurmótinu og sala veitinga í sjoppu á mótum og öðrum viðburðum hjá deildinni.

Að venju var aðalstyrktaraðili deildarinnar Kiwanisklúbburinn Skjálfandi.

Vill Boccideild Völsungs um leið og þakkað er fyrir liðið ár koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina dyggilega á liðnu starfsári



ÍSLANDSMÓT Í KAPPLAKRIKA APRÍL 2015. VÖLSUNGAR KLÁRIR Í SLAGINN.

## Gleðileg jól, og farsælt komandi ár. F.h. Boccideild ÍFV/Egill Olgeirsson

Óskum viðskiptavinum okkar og öðrum þingeyingum gleðilegra jóla og farsælds komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól, farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



HÖFÐAVÉLAR ehf.

Sparisjóðurinn óskar viðskiptavinum sínum sem og öllum Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu.



**SPARISJÓÐUR**  
SÚÐUR-ÞINGEYINGA

Verslunin Snældan óskar Völsungum og öllum öðrum gleði og gæfu með von um gott gengi í framtíðinni



Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



**FAGLAUSN**

Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.



Skorum með þrumuskotum á nýju ári.



# Skíðaganga

Það er orðinn mikill fjöldi fólks sem stundar skíðagöngu hér á Húsavík. Sumir fara aðallega á skíði þegar nálgast vorið og veður eru góð en svo er aukinn fjöldi sem fer orðið nokkuð reglulega á gönguskíði og þó nokkrir sem stunda þetta markvisst allt árið. Er sá hópur að stækka nokkuð ört.

Stærsta verkefni ársins var Orkugangan sem haldin var 18. apríl, en fresta þurfti henni um viku og var um tíma tvísýnt hvort af henni gæti orðið sökum snjóleysis. Í stað þess að ganga frá Kröflu var startað á Þeistareykjum og því var gangan einungis rúm 20 km í stað 60 km. Einnig voru gengnar styttri vegalengdir, 6 km og 1 km, á skíðasvæðinu við Reyðarárhjúk. Blíðskaparveður var þennan dag og gekk allt vel fyrir sig.

Einnig tóku félagsmenn þátt í nokkrum göngukeppnum víðs vegar um landið, göngum sem eru partur af Íslandsgöngunni. Íslandsgangan er almenningsganga og tilvalið fyrir alla að vera með í henni, vegalengdir eru við allra hæfi og ávallt kaffihlaðborð í boði fyrir keppendur.

Þá er nokkur gróska meðal yngri iðkenda og mikilvægt að halda vel utan um það starf. Er nú tækifæri framundan að efla það starf til muna samhliða uppbyggingu á svæðinu okkar á heiðinni. Völsungur átti enn og aftur keppendur í skíðagöngu á Andrésar andar leikumum og var árangur þeirra mjög góður, meðal annars vannst einn sigur sem er algjörlega frábær árangur þar sem skipulagðar æfingar hafa ekki verið fyrir hendi.



Mikil vinna hefur verið við uppbyggingu á aðstöðu við Reyðarárhjúkinn síðustu vikur. Þegar þetta er skrifað er búið að koma rafmagn á hjúknum og ekkert nema tækifæri framundan varðandi ýmsa uppbyggingu þar. Var þetta gert í samstarfi Norðurbings, Landsvirkjunar, Landsnets, Neyðarlínunnar, ásamt félögum í skíðagöngudeildinni. Samhliða fjármagnaði skíðagöngudeildin og sá um framkvæmdir við að koma köldu vatni á svæðið. Nokkrir félagar í deildinni virkjuðu vatnslind ofan svæðisins og plægðu niður rör, samtals um 1300 metra, sem nú flytur vatn á svæðið í töluverðu magni. Einnig er búið að koma fyrir tveimur húsum sem deildin á og þegar þetta er skrifað er hafin vinna við að tengja þau við rafmagn og kalt vatn og er stefnt á að hafa upphituð hús með vatnssalerni og nestisaðstöðu á svæðinu í vetur.

Eins og sjá má er töluverð gróska í starfinu og er uppbygging á svæðinu í fullum gangi. Þökkum við öllum sem hafa aðstoðað við starfið á árinu og vonandi sjáumst við sem flest í brautinni í vetur.

**Gleðileg jól**  
**Fyrir hönd skíðagöngudeildarinnar**  
**Höskuldur Skúli Hallgrímsson**

Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár  
Megi framtíðin vera björt.  
Þökkum liðnu árin.



**Hóll ehf**  
Höfða 11 - 640 Húsavík  
Sími/Fax: 464 2200  
e-Mail: holl.ehf@simnet.is  
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161  
**VINNUVÉLAR • VERKTAKAR**

# Viðtal við Hallgrím Jónasson

Hallgrímur Jónasson er öllum Völsungum vel kunnugur en hann er fæddur og uppalinn á Húsavík ásamt því að vera ættaður úr Mývatnssveit. Hallgrímur eða Haddi eins og hann er oftast kallaður meðal kunnugra, er sonur Jónasar Hallgrímssonar og Jónu Óskarsdóttur. Haddi leikur sem atvinnumaður í knattspyrnu með OB í Óðinsvéum í Danmörku. Þar býr hann með eiginkonu sinni, Hörpu Hermannsdóttur, og tveimur börnum sínum þeim Dagbjörtnu Báru, 6 ára og Jónasi Ara, 3 ára. Haddi hóf ungar að æfa knattspyrnu með Völsungi en hann var fastamaður í hópi íslenska karla landsliðsins í knattspyrnu í undakeppni Evrópumótsins sem tryggði sér þátttökurétt í lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Frakklandi næstkomandi sumar.

Við settumst niður með Hadda og fengum að leggja fyrir hann nokkrar spurningar sem viðkoma knattspyrnuferlinum.

**Þegar þú heyrir minnst á Íþróttafélagið Völsung, hvað er það fyrsta sem kemur upp í huga þinn og hvaða merkingu hefur Íþróttafélagið fyrir þig?**

Það er eiginlega þrennt sem kemur fyrst upp í hugann. Fótboltavöllurinn, íþróttahöllin og fagurgræni Völsungsbúningurinn.

Völsungur hefur mikla merkingu fyrir mig. Með þeim byrjaði ég minn feril með vinum mínum og jafnöldrum. Ég lék með þeim til 15 ára aldurs og ég fylgdist ennþá vel með málum hjá félaginu.

**Hvenær hófstu æfingar hjá Völsungi og hvaða greinar lagðir þú stund á?**

Ég var 4 eða 5 ára þegar ég byrjaði að æfa fótbolta. Ég æfði einnig handbolta í tvo vetur samhliða fótboltanum en fótboltinn var alltaf númer eitt.

**Var markmiðið allt frá upphafi að verða atvinnumaður í knattspyrnu?**

Já það má segja það. Mamma og pabbi voru og eru bæði mikið íþróttafólk og mig langaði að verða atvinnumaður alveg frá barnaldri.

**Hvernig voru aðstæður til knattspyrnuíðkunar þegar þú hófst að æfa?**

Mér fannst þær finar þegar ég var að alast upp en þær myndu nú ekki teljast merkilegar í dag held ég.

Það voru engir sparkvellir við skólann eða flottur gervigrasvöllur eins og Húsvíkingur hafa í dag. Við æfðum í Íþróttahöllinni stóran part af árinu og svo á grasvöllinum eða tjaldstæðinu þegar grasið var orðið nógu gott um sumarið. Einnig var Flatarholtið við golfvöllinn notað nokkur sumar.

Annars lék maður sér á möllinni eða steypuvellinum við skólann á veturna og svo á Bakkavellinum þegar voraði.

**Hvað þarf að gera til að ná eins langt í íþróttum og þú hefur gert?**

Það er nú bara eins og með annað í lífinu, ef maður vill ná langt í einhverju þarf maður að stunda það vel og hafa mikinn áhuga. Það á við um íþróttir alveg eins og það á við um skóla, vinnu og aðra hluti.

Það er mikil samkeppni í íþróttum og því vinsælli sem hún er því erfiðara er að vera á meðal þeirra fremstu.

Það sagði einn þjálfari minn mér einu sinni að það væri ekki nóg að vilja ná langt í fótbolta, það þarf að þrá það.

Þetta er lífstíll sem maður þarf að tileinka sér og alltaf að reyna að læra meira og bæta sig.

**Hver er stærsta stund þín á íþróttuferlinum?**

Ég hef verið svo heppinn að upplifa margar góðar stundir á ferlinum. Sem dæmi fannst mér risa stund að vinna Íslandsmeistaratiðlinn með Völsungi innandyra í 4 flokki með vinum mínum. Einnig að vinna bikarmeistaratiðlinn með Keflavík 2006. En það að komast á lokakeppni EM með landsliðinu er sennilega mun stærri stund en hinar tvær.

Mín stærsta stund persónulega verð ég þó að velja þegar ég skoraði 2 mörk á útivelli gegn Portúgal árið 2011 og var valinn maður leiksins. Þeir voru með gríðarlega sterkt lið á þessum tíma og var Cristiano Ronaldo besti leikmaður heims meðal annars í liðinu.

**Óraði þig fyrir því, sem ungar drengur á Húsavík, að þú ættir eftir að taka þátt í að koma Íslandi á stórmót í knattspyrnu?**

Nei, ég myndi nú ekki segja það. Ísland var svo langt frá því að eiga séns á að komast á stórmót þegar ég fylgdist með sem ungar drengur og hafði Ísland aldrei komist á stórmót í sögunni. Það að Ísland sé komið í lokakeppni Evrópu í knattspyrnu er einstakur árangur og frábært að vera hluti af því að komast þangað.

**Hvaða heilræði hefur þú fyrir unga og upprennandi íþróttamenn á Húsavík sem hafa áhuga á að ná langt á sviði íþróttar og skara fram úr?**

Að æfa vel og reyna að bæta sig á hverri æfingu. Það er engin galdralausn til, til að ná langt í íþróttum.

Hlusta á þjálfarana og leggja mikið á sig þá mun maður ná langt. Aðstaðan er góð á Húsavík fyrir nokkrar íþróttir og ekkert því til fyrirstöðu að ungar stelpur og strákar á Húsavík geti náð langt í sinni íþrótt.

**Eitthvað að lokum?**

Ég vona að Völsungur haldi áfram að sinna krökkum á Húsavík vel og að sem flestir finni sér íþrótt við sitt hæfi og njóti þess að æfa. Áfram Völsungur!



Gleðileg jól  
farsælt  
komandi ár.  
Þökkum  
viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



Pingeyingar!

Óskum ykkur gleðilegra  
jóna og farsældar  
á komandi ári.



ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ

Óskum viðskiptavinum  
okkar og Húsvíkingum  
öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi  
ári með þökk fyrir árið  
sem er að líða.



Óskum öllum  
Völsungum  
gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári.  
Þökkum  
samskiptin  
á liðnu ári.



Óskum öllum Völsungum til  
sjávar og sveita gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Sendi öllum bestu jóla- og  
nýárskeðjur, sérstaklega liðinu  
fyrir neðan bakkann.



Doddi Ásgeirs ehf.

Deloitte ehf. óskar  
Völsungum  
og Þingeyingum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári.



**Deloitte.**

Óskum viðskiptavinum okkar



og Völsungum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári.



Takk fyrir árið  
sem er að líða.



*Gleðileg jól*

og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



Óskum öllum Völsungum  
til sjávar og sveita  
gleðilegra jóla  
og farsældar  
á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



**ORKUVEITA  
HÚSAVÍKUR**



## Húsvíkingar – Þingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin á árinu  
sem er að líða.



# Sögunefnd

## Frændurnir Villi og Jóhannes að spjalli

Á þessu ári fékk Sögunefnd Völsungs, Guðmund Friðbjarnarson í sam-starfi við Þekkingarnet Þingeyinga til að taka viðtöl við Völsunga með það að markmiði að safna heimildum um starfsemi félagsins. Guðmundur tók 20 viðtöl sem innihalda dýrmætari upplýsingar um starfið.

Hér kemur stutt brot úr einu viðtalinu, við Vilhjálm Pálsson, og viðtalið tók frændi hans af Garðsætt, Jóhannes Sigurjónsson.

Hér komum við inn í viðtalið þar sem þeir frændur eru að ræða um mikilvægi íþróttasalarins í Barnaskólanum á Húsavík og ákveðna sérstöðu sem hann hafði...

„Þetta er fyrsti salurinn á landinu, með áhorfendabekkjum með annarri hliðinni og það fyrir 200 manns í sæti, sannkallaður tíma-mótasalur. Og þarna fer allt í gang, regluleg vetrarþjálfun fyrir ýmsar íþróttagreinir, frjálssar íþróttir, fótbolta og salurinn varð auðvitað vagma og uppeldisstöð fyrir handbolta og blak. Þetta var algjör bylting. Og raunar var tilkoma litla salarins í Barnaskólanum stærri bylting og olli meiri straumhvörfum í íþróttalífi á Húsavík en þegar sjálf Íþróttahöllin kom til sögunnar. Umbreytingin varð meiri með litla salnum en með höllinni.

Og þetta var í raun miklu meira en bara íþróttasalur. Þetta varð eiginlega félagsheimili. Krakkarnir mættu á staðinn og fengu að horfa á æfingar hjá þeim eldri, bara ef þau voru stillt og þrúð og lærðu þá um leið að vera stillt og þrúð og þar með almenna og góða umgengni. Uppeldisgildi salarins var sem sé afar mikið og mikilvægt.“

-Villi. Það var töluverð samfella í þessu starfi hjá þér. Þú byrjar með krakkana í leikfiminna og heldur svo áfram með þá sem þjálfari í handbolta og blaki á sama stað og leikfimikennslan fór fram. Sjálfur var ég kominn með góða undirstöðu í handbolta úr leikfiminna hjá þér, áður en maður fór í raun formlega að æfa handbolta með Völsungi. Grunnurinn var byggður í leikfiminna og svo tók Völsungur við. Og þú varst oftar en ekki á báðum stöðum?

„Já, nú fara nemendur í háskóla í Bandaríkjunum til að stunda íþróttir. Í Barnaskólanum á Húsavík stunduðu allir íþróttir. Og það var ekkert verið að spökulera í því hvorum megin hryggjar þetta lá, í skólanum eða hjá Völsungi, þetta voru bara íþróttir. Ég var með krakkana í leikfimi á daginn og svo var ég að þjálfra þau á kvöldin. Ég þekkti auðvitað alla úr leikfiminna og þau þekktu mig líka. Þannig ætlaði ég aldrei að vera í stjórn Völsungs. En svo þegar kom að aðalfundi félagsins, þá auðvitað þekktu allir krakkarnir mig betur en hina og kusu mig að sjálfsgöðu!“

Villi talar um félagi sína í forystusveit Völsungs á þessum árum, þá Þormóð Jónsson og Hallmar Frey Bjarnason.

„Á sama hátt og skólinn og Völsungur voru góð samsetning, vorum við þrír nokkuð góðir saman. Þormóður var formaður félagsins og mikill diplómat, Beysi var bæði framkvæmdatröll og félagsmálatröll og ég sá svo um íþróttirnar.


Ég gat einbeitt mér að íþróttunum og þurfti ekki að hafa áhyggjur af öðru, Freyr og Þormóður sá um það.“

-Heilög þrenning kannski?

„Þetta var alla vega gott tríó sem vann vel saman. Og tenging félagsins við skólann var, eins og ég sagði, mjög mikilvæg. Þegar ég kem hingað fyrst til starfa sem leikfimikennari, var Sigurður Gunnarsson skólastjóri, mjög mikill embættismaður og fastheldinn á fjármuni ríkisins. En fyrsta veturinn, þá uppástóð ég að við þyrftum að kenna krökkunum á skíði. Margir nemenda áttu ekki skíðabúnað enda sum ekki frá efnamiklum heimilum eins og gengur. En það varð úr að skólinn keypti tuttuðu pör af skíðum til að lána.

Þannig að það gátu allir verið með og þetta varð einfaldlega fastur liður í skólastarfinu. Haldið var skíðanámskeið á hverjum vetri og tíminn valinn eftir tíðarfarinu og snjóalögum. Ef skall á með hláku, þá var skíðanámskeiði bara frestað. Um þetta var gott samkomulag í skólanum og ef t.d. tími í stærðfræði skaraðist á við tíma þegar einhver átti að vera á skíðanámskeiði, þá sátu skíðin fyrir, enda voru þau háð veðri og vindum, ekki stærðfræðin.“

Sagði Villi Páls m.a. í þessu broti úr löngu og ítarlegu viðtali sem tekið var í sumar.



*Sel-Hótel Mývatn*  
*óskar öllum gleðilegra jóla*  
*og þakkar allt gott á liðnu ári*





*PCC Bakki Silicon hf  
óskar Völsungum, íbúum Norðurlands og  
landsmönnum öllum bjartar framtíðar,  
glédilegra jóla og farsældar á komandi ári.  
Þökkum samstarfið á liðnum árum.*